

skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Borvélar og byggingariðnaður







FRÉTTABLAÐIÐ
Þriðjudagur
9. október 2012
237. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

# Stofna lággjaldastéttarfélag

**Félag lykilmanna er nýtt lággjaldastéttarfélag fyrir stjórnendur og sérfræðinga á almennum vinnumarkaði. Framlag launþega mun lægra en í öðrum félögum. Tæplega 30 þúsund manns standa utan stéttarfélaga.**

**VINNUMARKAÐUR** Stofnað hefur verið nýtt lággjaldastéttarfélag undir nafninu Félag lykilmanna (FLM). Það er hugsað fyrir stjórnendur og sérfræðinga á almennum vinnumarkaði. Framlag launþega er aðeins brot af því sem þekkist í hefðbundnum stéttarfélögum hér á landi.

„Félagið er einfaldara í uppsetningu en hefðbundin stéttarfélög. Við ætlum að einbeita okkur að sjúkrasjóðsmálum, í upphafi að minnsta kosti. Félagsmenn ráða svo hvernig þetta þróast í framtíðinni,“ segir Gunnar Páll Pálsson, formaður FLM, sem starfaði um árabil sem formaður VR.

Grunnhugmyndin að baki félaginu er að bjóða einfaldari þjónustu en ekki síður ódýrari en þekkist. Fyrirmyndirnar eru lággjaldastéttarfélög í Danmörku, en framlag launþega til FLM er 0,05% af launum á meðan framlag launþega til hefðbundinna stéttarfélaga er oft um eitt prósent. Vinnuveitendur greiða aftur eitt prósent af launum starfsmanna í sjúkrasjóðinn, en þessir fjármunir mynda sjúkrasjóð FLM. Hlutverk hans er að veita félagsmönnum fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Undirritaðir hafa verið samningar við Sjóvá um tryggingar fyrir félagsmenn.

Á Íslandi starfar fjöldi stéttarfélaga sem flest mynda með sér stærri sambönd eftir atvinnugreinum og landshlutum. Þessi



Við ætlum að einbeita okkur að sjúkrasjóðsmálum, í upphafi að minnsta kosti.

GUNNAR PÁLL PÁLSSON
FORMAÐUR FÉLAGS LYKILMANNA

stéttarfélagasambönd fylkja sér undir merkjum í einu af fjórum heildarsamtökum launafólks; ASÍ, BSRB, BHM og KÍ. FLM mun standa utan þessara bandalaga, sem þó er ekki einsdæmi. En hver er þörfin fyrir stéttarfélag sem þetta?

„Það eru sennilega um átján prósent af vinnumarkaðnum sem standa utan stéttarfélaga, sem eru tæplega þrjátíu þúsund manns. Margir þeirra gera sér kannski ekki grein fyrir því að afkomuöryggi þeirra er mjög skert, sérstaklega vegna slysa og veikinda,“ segir Gunnar Páll.

Hlutverk stéttarfélaga er ekki síst að semja um laun og önnur starfskjör félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra á vinnumarkaði. „Ég veit ekki hvort um hefðbundna kjarasamningagerð verður að ræða. Frekar snýst þetta um sjúkrasjóðinn og aðstoð við félagsmenn þegar ágreiningur rís við atvinnurekendur,“ segir Gunnar Páll. - shá



## Þrítugar Dúkkulísur
*Gengnar í endurnýjun lífdaga og fagna afmælinu með hátíðartónleikum.*
tímamót 18

## Áfram óvenjulegt
*Ingibjörg Birgisdóttir og Orri Jónsson hanna umslög fyrir fimm plötur Skúla Sverrissonar.*
tónlist 30



## Meistararnir byrja vel
*Grindavík hafði betur gegn Keflavík í Suðurnesjaslag.*
sport 26

## veðrið í dag




**BJART A-TIL** Í dag má búast við SV-átt, víða 5-10 m/s. Horfur er á nokkuð björtu veðri SA- og A-til en sunnan- og vestanlands má búast við súld eða skúrum. Hiti á bilinu 5-10°C, hlýjast syðst á landinu.
VEÐUR 4




**ANDLITSLYFTING** Farþegaferjan Baldur gengst þessa dagana undir nauðsynlegt viðhald en kemur aftur til leiks að viku liðinni. Skemmtisiglingaskipið Særún annast skyldur hans á meðan með siglingum á leiðinni Stykkishólmur – Flatey – Brjánslækur. Fyrsta Breiðafjarðarferjan hóf siglingar sínar árið 1924. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stórmynd í bígerð:

## Stórlaxar í leit að tökustöðum

**KVIKMYNDIR** „Ég held að við höfum heimsótt alla staði á Íslandi fyrir utan Raufarhöfn,“ segir Árni Björn Helgason hjá Saga Film. Hann sá um að lóðsa tvo frægustu tökustaðastjóra í Hollywood, þá Ilt Jones og Dow Griffith, um landið í lok september. Þeir eru með myndir eins og The Dark Knight Rises og The Bourne Legacy á ferilskránni.



ILT JONES

Jones og Griffith sjá um að flakka heimshorna á milli í leit að tökustöðum fyrir stærstu kvikmyndaframleiðendur vestanhafs. Ástæðan fyrir komu þeirra var leit að tökustöðum fyrir nýja mynd. „Ég get því miður ekki sagt nafnið á henni, en get staðfest að þetta er stórmynd sem á að taka upp á næsta ári,“ segir Árni. - áp / sjá síðu 30

Undirmenn Hreiðars Más Sigurðssonar brutu að hans sögn gróflega af sér:

## Hreiðar: Lög brotin í Al Thani-málinu

**DÓMSMÁL** Refsivert lögbrot átti sér stað í Al Thani-málinu, að sögn Hreiðar Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings. Hann beri hins vegar ekki ábyrgð á því, heldur undirmenn hans, og sérstakur saksóknari hafi ekki einu sinni ákært fyrir þann þátt málsins.

Þetta kemur fram í greinargerð Hreiðars, sem lögð hefur verið fram í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Mesta púðrið í greinargerðinni fer í að rökstyðja að ákæran í Al Thani-málinu, á hendur Hreiðari Má, Sigurði Einarssyni, Magnúsi Guðmundssyni og Ólafi Ólafssyni, sé byggð á sandi og að Hreiðar hafi hvergi brotið lög.

Hins vegar er fullyrt í greinargerðinni að uppgjör ábyrgðartryggingar sjeiks Al Thani, sem fram fór 8. október 2008, sama dag og Kaupþing féll, hafi verið lögbrot og að öllum líkindum refsivert.

Þar er vísað til þess þegar Al Thani var leyft að kaupa krónur fyrir fimmtíu milljóna dollara lán frá Kaupþingi á aflandsgengi, sem tryggði að féð dugði nákvæmlega fyrir 12,6 milljarða sjálfsábyrgð hans vegna lána til kaupa í bankanum.

Í greinargerðinni segir að það sé með ólíkindum að ákært hafi verið fyrir lánið en ekki þessa fléttu undirmannanna. - sh / sjá síðu 8









## SPURNING DAGSINS



*Ómar, er farið að sjóða á þér út af þessu máli?*

„Það kraumar að minnsta kosti undir."

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, er mjög ósáttur við að hafa verið kærður og ákærður fyrir misferli með fé Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Framkvæmdastjóri NATO talaði um stöðu mála í Sýrlandi á fundi í gær:

# Engin áform um hernaðaríhlutun

**BRUSSEL, FRÉTTABLAÐIÐ** NATO hefur engin áform um hernaðaríhlutun í Sýrlandi. Þetta fullyrti Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri bandalagsins, á fundi með blaðamönnum í gær. Slíkar aðgerðir gætu haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér.

Sýrland er ekki á dagskrá fundar varnarmálaráðherra NATO-ríkjanna í Brussel í dag og á morgun. Rasmussen sagði ekki útilokað að málið yrði rætt óformlega ef eitthvert ríki óskaði eftir því.

Rasmussen hrósaði tyrkneskum stjórnvöldum fyrir þolinmæði. Hann sagði ástandið í Sýrlandi nú mjög ólíkt því sem var í Líbíu í fyrra. „Þá var mikill stuðningur frá ríkjunum í kring (við íhlutun NATO) og ályktun frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir hendi. Nú er engin krafa um slíkt," sagði Rasmussen. Aðrir háttsettir embættismenn innan NATO segja að þótt ekki sé verið að skipuleggja neinar aðgerðir gegn Sýrlandi sé bandalagið alltaf viðbúið öllum mögulegum aðstæðum.

Rasmussen sagðist telja að margt í friðaráætlun Kofi Annan hefði verið gott. Þá sagðist hann harma að öryggisráðið hafi ekki aðhafst meira í málefnum Sýrlands. **- þeb**



**ALEPPO Í GÆR** Ekki er útilokað að stríðið í Sýrlandi verði rætt á fundi NATO í dag.

Mannabreytingar hjá RÚV:

# Sigrún Stefánsdóttir sagði upp

**FJÖLMIÐLAR** Sigrún Stefánsdóttir sagði upp störfum sem dagskrárstjóri RÚV í gær og hætti samstundis. Sigrún hefur gegnt stöðu dagskrárstjóra útvarps og sjónvarps í tvö ár, en stöðurnar verða báðar auglýstar lausar til umsóknar síðar í vikunni.

Páll Magnússon útvarpsstjóri sagði við Vísi í gær að missir væri að Sigrúnu. Margrét Marteinsdóttir og Bjarni Guðmundsson munu gegna starfi dagskrárstjóra þar til búið verður að ráða í stöðurnar. **- aþ**

Grunaður um íkveikjur:

# Útigangsmaður laus úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Útigangsmaður á sextugsaldri var í gær leystur úr gæsluvarðhaldi sem hann hafði setið í á Selfossi grunaður um nokkrar íkveikjur undanfarna mánuði.

Lögreglumenn sáu til mannsins í síðustu viku stappa á logandi pappír við lögreglustöðina í bænum. Það mun hafa gerst einu sinni áður. Þá er hann grunaður um að hafa kveikt í blómaskreytingu á Kaffi Krús og valdið talsverðum eldsvoða við nytjamarkað í bænum í ágúst.

Maðurinn hefur oft komið við sögu lögreglu en einungis vegna smávægilegri mála. Maðurinn kærði varðhaldsúrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar, sem hnekkti honum. **- sh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Próflausir í vímu

Tveir ökumenn voru handteknir í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum um helgina vegna gruns um að þeir ækju undir áhrifum fíkniefna. Báðir reyndust þeir vera án ökuréttinda. Annar þeirra hafði tekið bílinn sem hann ók í óleyfi.

### Með haglaskot í farteskinu

Óskað var liðsinnis lögreglu í Leifsstöð í fyrradag eftir að skotfæri fundust í farangri við skimun. Um var að ræða tuttugu haglaskot sem norskur ríkisborgari flutti með sér til landsins. Hann samþykkti að láta skotin af hendi og var í kjölfarið sleppt lausum.

## STJÓRNSÝSLA

### Sjúkraflug boðið út

Ríkiskaup, fyrir hönd Sjúkratrygginga Íslands, óska eftir tilboðum í kaup á sjúkraflugsþjónustu hér á landi. „Um er að ræða sjúkraflug á norðursvæði og Vestmannaeyjasvæði," segir á vef Ríkiskaupa. Tilboð verða opnuð 20. næsta mánaðar.

# Efast um lögmæti nýrra fangareglna

**Sérreglur munu gilda í fangelsum um fanga sem tilheyra skipulögðum glæpasamtökum. Innanríkisráðherra hefur ekki séð nýju reglurnar. Hæstaréttarlögmaður segir það vera mismunun og efast um lögmæti slíkra breytinga.**

**FANGELSISMÁL** Fangar sem tilheyra skipulögðum glæpasamtökum fá ekki að vistast í opnum fangelsum og um reynslulausn þeirra verða stífari skilyrði en annarra. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Páll Winkel fangelsismálastjóri sagði, í samtali við Stöð 2, að unnið hefði verið að sérstökum verklagsreglum um nokkurra mánaða skeið til að bregðast við uppgangi samtaka eins og Hells Angels og Outlaws. Reglurnar ættu meðal annars að taka á gengjamyndun í fangelsi.

„Afplánun þessara fanga mun fara fram með öðrum hætti en annarra. Þeir eiga ekki möguleika á að vistast í opnum fangelsum, þeir geta ekki vistast á Vernd og þeir fara ekki undir rafrænt eftirlit og hljóti þeir reynslulausn þá er það með mjög stífum skilyrðum," sagði hann við Stöð 2.

Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður segir að sér lítist afar illa á að föngum sé mismunað á þennan hátt. Hann segir óvíst hvort lögmætt sé að flokka menn með slíkum hætti, ekki umfram það sem lögin geri ráð fyrir varðandi reynslulausn fyrir mismunandi brot.

„Mér líst illa á að mönnum sé einhvern veginn mismunað eftir því hvort þeir hafa verið í einhverju mótorhjólagengi eða ekki."

Brynjar telur að slík breyting þurfi að fara fyrir ráðherra og alltaf þurfi að gæta jafnræðis. „Það er ekki hægt að breyta reglunum eftir geðþótta." Hægt sé að kæra slíkar ákvarðanir til ráðuneytisins.



**LITLA-HRAUN** Fangelsismálayfirvöld hafa um nokkurra mánaða skeið unnið að breytingum á verklagsreglum. Sérstakar reglur munu gilda um fanga sem tilheyra skipulögðum glæpasamtökum eins og Hells Angels eða Outlaws.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**



**BRYNJAR NÍELSSON**

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur ekki séð umræddar breytingar og segist þurfa að ræða þær við fangelsisyfirvöld. Hann beri þó fyllsta traust til þeirra.

„Varðandi þá skoðun lögmanna að verið sé að mismuna föngum þá bendi ég á að þeir sem sitja í fangelsum hafa mismunað gagnvart sínu samfélagi."

Ögmundur segir að þeir sem beiti ofbeldi hljóti öðruvísi gæslu og meðhöndlun af þeim sökum. Það sé ekki gert til mismununar heldur í öryggisskyni og með hagsmuni fanganna sjálfra og samfélagsins að leiðarljósi.

Brynjar segir að lagagrunnur þurfi að vera fyrir hvers konar mismunun.

„Dómstólar eiga að sjá um refsingarnar, aðrir eiga ekki að taka það að sér. Svo framkvæmirðu það eftir mjög hlutlægum reglum."

kolbeinn@frettabladid.is

Tekið úr vagni hjá dagmóður:

# Ekkert nýtt af máli barnsins

**LÖGREGLUMÁL Rannsókn á máli fjórtán mánaða stúlkubarns sem var tekið úr barnavagni fyrir utan hjá dagmóður í Reykjanesbæ fyrir hálfri annarri viku hefur engu skilað.**

**„Það er ekkert nýtt að frétta af því máli. Við höfðum á fáu að byggja og það hefur ekki dugað til að upplýsa málið," segir Jóhannes Jensson hjá lögreglunni á Suðurnesjum.**

**Barnið fannst í nærliggjandi garði. Það var hálfafklætt en að öðru leyti amaði ekkert að því og ekkert bendir til þess að frekar hafi verið gengið á rétt þess, eins og Jóhannes segir.** **- sh**

Sakaður um fjársvik:

# Boga Pálssyni stefnt í Denver

**DÓMSMÁL** Arion banki hefur stefnt Boga Pálssyni, fjárfesti og fyrrverandi forstjóra Toyota, í Denver í Colorado í Bandaríkjunum. Stefnan er vegna viðskipta með svefnrannsóknafyrirtækið Flögu Group en bankinn telur Boga hafa blekkt bankann og gerst sekur um fjársvik þegar hann keypti skuldir fyrirtækisins af bankanum með afslætti árið 2011.



**BOGI PÁLSSON**

Frá þessu greindi DV í gær.

Arion banki hefur ekki viljað tjá sig um málið en fréttastofa Stöðvar 2 fékk þau svör frá bankanum að málið sé í hefðbundnum farvegi dómsmáls í Bandaríkjunum og að enginn af hálfu bankans myndi tjá sig um málið meðan svo væri. **- mh, shá**




Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

Heilsulausnir henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

Hefst 22. október.

Kynningarfundur fimmtud., 11. október, kl. 17:30

- Allir velkomnir -

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010

www.heilsuborg.is


2.400 sjálfboðaliðar gengu til góðs fyrir Rauða krossinn um helgina:

# Söfnuðu allt að 25 milljónum

**SAMFÉLAGSMÁL** Rúmlega 2.400 sjálfboðaliðar brugðu undir sig betri fætinum á laugardag og tóku þátt í Göngum til góðs, landssöfnun Rauða krossins.

Tuttugu milljónir króna höfðu verið taldar upp úr söfnunarbaukum í gær, en Rauði krossinn áætlar að í heild hafi allt að 25 milljónir króna safnast í átakinu að þessu sinni.

Alls tóku um 700 sjálfboðaliðar þátt á landsbyggðinni og komu við í flestum húsum í þéttbýli, en um 1.700 sjálfboðaliðar náðu að heimsækja um tvo þriðju heimila á höfuðborgarsvæðinu. Í tilkynningu frá Rauða krossinum segir að mikið hafi verið um að fjölskyldur og vinir hafi gengið saman.

„Við viljum þakka öllum sjálfboðaliðum sem lögðu okkur lið og hlýjar móttökur og stuðning Íslendinga við börn í neyð," segir Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi, í tilkynningunni.

Þau sem ekki fengu heimsókn sjálfboðaliða með söfnunarbauk um helgina en vilja styðja við starf Rauða krossins, geta stutt söfnunina um 1.500 til 5.000 krónur með því að hringja í söfnunarsímana 904 1500, 904 3000 eða 904 5000. **- þj**



**FYRIR GOTT MÁLEFNI** Sjálfboðaliðar gengu í næstum hvert hús á landsbyggðinni til að safna fyrir Rauða krossinn. Hér sjást göngugarpar á Djúpavogi.

MYND/RAUÐI KROSSINN

write your wishes here:

cut it out and mail to:

IMAGINE PEACE TOWER
P.O. Box 1009
121 Reykjavík
Iceland

**IMAGINE PEACE**

love, yoko
October 2012

## GENGIÐ 08.10.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,92 | 122,50 |
| Sterlingspund | 195,69 | 196,65 |
| Evra | 157,77 | 158,65 |
| Dönsk króna | 21,157 | 21,281 |
| Norsk króna | 21,355 | 21,481 |
| Sænsk króna | 18,327 | 18,435 |
| Japanskt jen | 1,5589 | 1,5681 |
| SDR | 187,72 | 188,84 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,2664

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Evrópusambandinu líst mjög illa á tillögur Svisslendinga um tvíhliða samstarf:

# Tvíhliða samningar Sviss í uppnámi

**EVRÓPUMÁL** Viðræður Svisslendinga og Evrópusambandsins (ESB) um að halda áfram tvíhliða samningakerfi virðast hafa siglt í strand í bili. Skýrsla sem lögð hefur verið fyrir ráðherraráð ESB um málið, þar sem einörð afstaða er tekin gegn tillögum Svisslendinga, þykir benda til þess að ekki muni miða mikið í viðræðunum á næstunni.

Svisslendingar eiga í óvenjulegu sambandi við ESB. Þeir eru ekki aðilar að því en hafa tekið upp ýmsa lagabálka sambandsins gegn því að fá aðild að innri markaði þess.



**FLÓKIÐ SAMBAND** Evrópusambandið og Sviss eiga í flóknu sambandi.

Fyrr á árinu fóru svissnesk stjórnvöld hins vegar fram á margvíslegar undanþágur frá regluverkinu, sem meðal annars snerust um raforkumarkaðinn, landbúnað og frjálsa för fólks. Þessum tillögum var mótmælt frá fyrsta degi.

Franska blaðið Le Temps greindi frá skýrslunni til ráðherraráðsins í síðustu viku. Ráðið afgreiddi hana andmælalaust. Harðorðasti kafli hennar er sá sem lýtur að tillögum Svisslendinga um eftirlit þeirra sjálfra með framfylgd tvíhliða samninganna. **- sh**

536.957 frá landinu:

# Metfjöldi ferðamanna á árinu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Það sem af er ári hafa 536.957 erlendir ferðamenn farið frá landinu, eða 78.897 fleiri en á sama tímabili í fyrra, sem jafngildir 17,2 prósenta aukningu milli ára. Eru ferðamenn um Keflavíkurflugvöll það sem af er ári því orðnir álíka margir og allt árið 2011, segir í frétt Samtaka ferðaþjónustunnar.

Samkvæmt talningum Ferðamálastofu fóru 64.672 erlendir ferðamenn frá landinu í september, um þrettán þúsund fleiri en í sama mánuði fyrir ári. **- shá**

Gunnlaugur fer í Hæstarétt:

# Áfrýjar sýknudómi yfir Teiti

**DÓMSMÁL** Gunnlaugur Sigmundsson og kona hans hafa ákveðið að áfrýja sýknudómi í meiðyrðamáli gegn bloggaranum Teiti Atlasyni til Hæstaréttar.



**GUNNLAUGUR SIGMUNDSSON**

Gunnlaugur og kona hans, Sigríður Sigurbjörnsdóttir, stefndu Teiti í fyrrasumar fyrir bloggfærslu þar sem hann fjallaði um viðskipti Gunnlaugs með fyrirtækið Kögun á tíunda áratugnum.

Teitur var sýknaður nú í september og Gunnlaugur og Sigríður dæmd til að greiða honum eina og hálfa milljón króna í málskostnað. **- sh**

## PRÓFKJÖR

### Karen Elísabet stefnir á 4. sætið í Suðvesturkjördæmi

Karen Elísabet Halldórsdóttir sækist eftir 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Karen er varabæjarfulltrúi í Kópavogi og formaður lista- og menningarráðs Kópavogs. Hún hefur einnig setið í félagsmálaráði, barnavernd og skólanefnd. Karen hefur lokið BA-gráðu í sálfræði og meistaragráðu frá viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

### Gunnar Kristinn sækist eftir 3. til 5. sæti í Reykjavík

Gunnar Kristinn Þórðarson gefur kost á sér í 3. til 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Gunnar hefur starfað sem geðheilbrigðisstarfsmaður, áfengisráðgjafi og stuðningsfulltrúi fatlaðra. Gunnar er félagsráðsmaður SFR og stjórnarformaður Samtaka meðlagsgreiðenda. Hann á auk þess sæti í varastjórn Sjálfstæðisfélags Langholtshverfis.

# Undrandi á aðkomu Eiríks að skýrslunni

**Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins undrast að Eiríkur Hjálmarsson hafi komið að vinnu við úttekt á Orkuveitu Reykjavíkur þar sem hann var aðstoðarmaður borgarstjóra. Gef ekkert fyrir slíka gagnrýni, segir formaður úttektarnefndar.**

**STJÓRNSÝSLA** Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segist undrast að Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur (OR), hafi komið að vinnu við úttekt á fyrirtækinu. Eiríkur var aðstoðarmaður tveggja borgarstjóra, þeirra Þórólfs Árnasonar og Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur. Þá var hann á lista yfir þá starfsmenn sem áttu að fá kauprétt í REI-málinu.

„Borgarfulltrúar hafa verið fullvissaðir um að gæta eigi fyllsta hlutleysis við gerð skýrslunnar og öll vinnubrögð eigi að vera hafin yfir allan vafa. Maður er því mjög undrandi þegar maður fréttir að sá sem er með skýrsluna í yfirlestri, með tilliti til staðreynda og annars, er þessi pólitíski aðstoðarmaður þeirra aðila sem eiga svo mikið undir því að skýrslan sé þeim í hag."

Margrét Pétursdóttir, forstöðumaður endurskoðunarsviðs Ernst & Young, var formaður úttektarnefndarinnar, en ásamt henni sátu þau Ása Ólafsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, og Ómar Kristmundsson, prófessor í stjórnmálafræði, í nefndinni.

Margrét segir að viðfangsefni nefndarinnar hafi verið flókið og því hafi hún þurft aðstoð starfmanna. Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, ákvað sem tengiliður nefndarinnar hvaða starfsmenn kæmu að vinnunni. Hún gefur ekki mikið fyrir þessa gagnrýni.

„Þetta snýst um gagnaöflun og yfirlestur út af villum. Síðan eru trúnaðarupplýsingar varðandi samkeppnisþátt fyrirtækisins, þannig að þetta er fullkomlega eðlilegt og engir starfsmenn OR hafa haft áhrif á niðurstöðu eða efni skýrslunnar."

Margrét segir að hefðu komið fram ábendingar varðandi eitthvað annað en hreinar villur hefðu nefndarmenn tekið afstöðu til þess hvort þær færu í skýrsluna.

Borgarstjóri mun ekki tjá sig um efni skýrslunnar eða vinnu við hana fyrr en á blaðamannafundi á miðvikudag, að sögn S. Björns Blöndal, aðstoðarmanns hans.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**GAGNRÝNINN** Kjartan Magnússon vonast til að fyllsta hlutleysis sé gætt í skýrslu úttektarnefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Staðreyndakönnun

Eiríkur segir að hann hafi lesið drög að hluta skýrslunnar yfir í sumar til staðreyndaathugunar. Það hafi snúið að dagsetningum, fjárhæðum og öðru slíku, en ekki því að hafa skoðanir á efnistökum. En hugleiddi hann aldrei að óheppilegt væri að hann kæmi að skýrslunni?

„Ég kom ekkert að þessu að öðru leyti en því að athuga hvort dagsetningar væru réttar og upphæðir til færðar. Starfar Orkuveitan í svo og svo mörgum sveitarfélögum og annað því um líkt. Annað var það nú ekki."



**KINDUR** Sumarhússeigandi vill fjárheldar girðingar.

Uppgræðslustarf í uppnámi:

# Grindavík lagi fjárgirðingar

**GRINDAVÍK Kona sem er eigandi sumarhúss við Ísólfsskála og einn af eigendum Ísólfsskálalands vill að Grindavíkurbær bæti fjárgirðingar sveitarfélagsins fyrir næsta vor svo komist verði hjá meiri skemmdum á gróðri en orðnar séu.**

**„Samkvæmt samningi sem gerður var á milli Grindavíkurbæjar og Björgunarsveitarinnar Þorbjörns á björgunarsveitin að sjá um viðhald og eftirlit með fjárgirðingum sem tilheyra Grindavíkurbæ. Því miður hefur það viðhald ekki gengið eftir, þar sem um töluverðan lausagang sauðfjár hefur verið að ræða," segir sumarhúseigandinn og undirstrikar að töluvert hafi verið um gróðursetningu trjáa og uppgræðslu í landi hans. - gar**

## UMHVERFISMÁL

### Náttúran á norðurslóðum

70 fulltrúar allra norðurskautsríkjanna koma saman á þriggja daga fundi í Reykjavík í næstu viku til að vinna að lagalega bindandi samkomulagi um gagnkvæma aðstoð, komi til olíumengunar í hafi á norðurheimskautssvæðinu. Ákveðið var að ráðast í gerð slíks samnings á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í Nuuk í maí 2011.


*Skráðu þig núna í nám og náðu forskoti:*

**Office 2010 nám**

Yfirgripsmikil námskeið fyrir notendur Office 2010 frá Microsoft.

- **Excel I - Almenn töflureiknisnotkun**
  *Hefst: 22. október/9:00-12:00/22 stundir/verð: 28.900,-*
- **Word I - Almenn ritvinnsla**
  *Hefst: 15. október/9:00-12:00/18 stundir/verð: 24.900,-*
- **PowerPoint glærugerð og notkun**
  *Hefst: 29. október/9:00-12:00/13 stundir/verð: 18.900,-*
- **Outlook - Tölvupóstur, dagbók og verkefni**
  *Hefst: 11. október/9:00-12:00/9 stundir/verð: 14.900,-*

**Meira en 15.000 einstaklingar** hafa lært á Office forritin hjá okkur.

**Tölvunám TV til betri verka**

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.000 hafa sótt nám hjá okkur frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**KAFLASKIPT** Í dag eru horfur á súld eða skúrum S- og V-til. Seint í kvöld snýst vindur í SA-átt og á morgun lítur út fyrir talsverða rigningu S- og V-til á landinu. Á fimmtudaginn léttir smám saman til norðan og austan til en það verða skúrir í öðrum landshlutum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 13° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 16° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 8° |
| París | 17° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Sjaldan er góður bíll of oft smurður

Í október er sértilboð á **smurþjónustu** hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.




## Engin vandamál - bara lausnir.

### 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva og frostlegi hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.*

### 15% afsláttur

af vinnu við smurningu.
Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | 210 Garðabæ | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6610 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 440 8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | 200 Kópavogi | 440 8000 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, ljósaperur, rúðuvökvi og frostlögur.

Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvað er talið að bólusetning hér hafi komið í veg fyrir mörg tilvik svínainflúensu?*

*2. Hvaða verkfæri notaði reiður miðbæjarbúi til að rassskella þrjá gluggamíga um helgina?*

*3. Hvað heitir nýendurkjörinn forseti Venesúela?*

**SVÖRIN**

1. Að minnsta kosti tuttugu þúsund. 2. Frumskógarsveðja. 3. Hugo Chavez.

Ríkisendurskoðun hefur sent 84 skýrslur og ábendingar til Alþingis síðan 2010:

# Hefur fimmtán skýrslur í vinnslu

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun hefur um þessar mundir fimmtán skýrslur í vinnslu. Þar af eru tvær samkvæmt formlegri beiðni frá Alþingi; skýrsla um framlög til æskulýðsmála og skýrsla um innleiðingu fjárhagsupplýsingakerfis fyrir ríkið.

Ólína Þorvarðardóttir alþingismaður hefur lagt fram fyrirspurn á Alþingi um skýrslubeiðnir þess til Ríkisendurskoðunar og afdrif þeirra.

Í frétt Ríkisendurskoðunar kemur fram að frá því í ársbyrjun 2007 hafa samtals átta formlegar skýrslubeiðnir borist stofnuninni frá Alþingi. Einni var hafnað en af hinum sjö hefur öllum nema einni verið svarað með fullbúinni skýrslu.



**SKÝRSLUSKIL** Ríkisendurskoðun hefur sent 84 skýrslur og ábendingar til Alþingis á tveimur árum.

Frá ársbyrjun 2010 hefur Ríkisendurskoðun sent samtals 84 skýrslur og sjálfstæðar ábendingar til Alþingis sem jafnframt hafa verið birtar opinberlega. Leit í gagnagrunni Alþingis, sem aðgengilegur er á vefsíðu þess, leiðir í ljós að nefndir þingsins hafa skilað skriflegu áliti um 24 af þessum skýrslum eða ábendingum.

Auk skýrslubeiðna fær Ríkisendurskoðun á hverju ári beiðnir frá Alþingi um að gefa álit sitt á lagafrumvörpum, meðal annars til fjárlaga og fjáraukalaga. **- shá**

Eru ósáttir við bág kjör:

# Fjölmenna á ný við Eiríksstaði

**KJARABARÁTTA** Lífeindafræðingar krefjast þess að lokið verði við þann hluta stofnanasamnings sem snýr að röðun í launaflokka. „Við síðustu kjarasamninga 2011 var samið um endurskoðun stofnanasamnings en það hefur ekki gerst,“ segir í tilkynningu þeirra.

Bent er á að byrjunarlaun á Landspítalanum séu 259.694 krónur. Næsti samstarfsnefndafundur verður haldinn á Eiríksstöðum á morgun og ætla lífeindafræðingar að fjölmenna og krefjast samninga án tafar. **- óká**

Nóbellinn í læknisfræði:

# Þykja hafa umbylt skilningi á þróun lífvera

**SVÍÞJÓÐ, AP** Nóbelsverðlaunin í læknisfræði renna í ár til vísindamannanna Johns B. Gordon og Shinya Yamanaka. Þeir fá verðlaunin fyrir rannsóknir sínar, sem hafa sýnt fram á að öllum frumum mannslíkamans er hægt að breyta í stofnfrumur, sem síðan er hægt að láta þróast í hvaða frumutegund líkamans sem er.

Sænska Nóbelsnefndin segir uppgötvanir þeirra hafa „umbylt skilningi okkar á því hvernig frumur og lífverur þróast“.

Tilkynnt verður um Nóbelsverðlaunahafa ársins í eðlisfræði í dag, í efnafræði á miðvikudag og í bókmenntum á fimmtudag. Þá verður tilkynnt um friðarverðlaun Nóbels á föstudag og loks verðlaunin í hagfræði á mánudag. **- gb**

Chavez hrósar sigri:

# Verður forseti sex ár í viðbót

**VENESÚELA, AP Hugo Chavez, forseti Venesúela, sagðist „viðurkenna lýðræðislega vigt“ andstæðinga sinna, sem greiddu Enrique Capriles atkvæði sitt í forsetakosningunum um helgina.**



**HUGO CHAVEZ**

**Chavez sigraði með 55 prósentum atkvæða, en 45 prósent kusu Capriles.**

**Stjórnarandstaðan hefur hins vegar styrkst við þessi úrslit og boðar aukin umsvif á næstunni.**

**Capriles hefur gagnrýnt Chavez fyrir að nota olíutekjur landsins til að fjármagna kosningabaráttu sína. - gb**

# Tekst ekki að reka fleyg í samstarfið

**Málefni Afganistans verða rædd á fundi varnarmálaráðherra NATO-ríkjanna sem hefst í Brussel í dag. Miðað við brottflutning alþjóðahersins í lok 2014. Innherjaárásir munu ekki hafa áhrif á staðfestu ríkjanna segir framkvæmdastjóri.**

**BRUSSEL, FRÉTTABLAÐIÐ** „Óvinir Afganistans eru að reyna að reka fleyg á milli okkar en þeim mun ekki takast það. Við erum staðráðin í því að láta þeim ekki takast það,“ segir Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, NATO, um nýlegar innherjaárásir á alþjóðlegt herlið og öryggisfyrirvöld í Afganistan. Fram kom á blaðamannafundi með háttsettum embættismönnum innan bandalagsins í gær að 53 hermenn hefðu látist í slíkum árásum það sem af er ári.

Málefni Afganistans verða í brennidepli á fundi varnarmálaráðherra NATO-ríkjanna sem fer fram í Brussel í dag og á morgun, en þá munu fulltrúar NATO-ríkjanna og annarra ríkja sem taka þátt í aðgerðunum í Afganistan koma saman.

„Síðustu mánuðir hafa verið erfiðir, ekki síst vegna innherjaárásanna, sem bæði alþjóðaliðið og Afganar hafa orðið fyrir barðinu á. Við þurfum að takast á við þessa ógn í sameiningu og erum að gera það. Ég er nýbúinn að ræða við Karzai forseta. Við erum sammála um að þetta sé forgangsatriði og að við þurfum að gera allt sem við getum til að sporna við þessum árásum. Öll 50 ríkin sem taka þátt eru áfram skuldbundin verkefninu,“ sagði Rasmussen á fundi með blaðamönnum í Brussel í gær.

Rætt verður um framtíð Afganistans, hvernig staðið verður að því að afhenda Afgönum völd í landinu. „Ég geri ráð fyrir því að aðildarríkin og bandamenn okkar sendi skýr skilaboð um að við stöndum við markmiðin, við stöndum við áætlunina og við stöndum við tímamörkin. Markmiðið er að afhenda Afgönum völdin, áætlunin er að þjálfa gott öryggislið og tímamörkin eru 2014,“ sagði Rasmussen.

Fyrstu skrefin í endanlegum valdaskiptum verða sögn Rasmussen tekin á fundinum nú og næstu skref verða tekin á fundi ráðherranna í febrúar og um mitt næsta ár verður að mestu búið að skipuleggja brottflutninginn. Rasmussen segir hins vegar of snemmt að segja til um hversu margir hermenn verði eftir í landinu eftir 2014 eða hvaða ríki muni taka þátt í framhaldinu.

**thorunn@frettabladid.is**





**FRAMTÍÐ AFGANISTAN** Fyrstu skrefin í valdaskiptum í Afganistan verða tekin á fundi varnarmálaráðherra NATO-ríkjanna í Brussel í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Afganir ráða ekki við brotthvarfið

Í nýrri skýrslu frá The International Crisis Group, óháðri rannsóknarstofnun í friðarmálum, er fullyrt að her og lögregla í Afganistan muni ekki ráða við það verkefni að taka við öryggismálum eftir brotthvarf alþjóðaherliðsins, sem hefur verið þar í rúmlega áratug. „Afganistan er undirlagt af sundrungu og spillingu,“ segir í skýrslunni. Til að vinna á móti þessu væri mikilvægast að styrkja lýðræðislegan grundvöll afgönsku stjórnarinnar, og þar muni mest um að forsetakosningarnar árið 2014 verði trúverðugar. Verði ekkert gert megi búast við að stjórn landsins lognist út af og borgarastyrjöld brjótist út.

Afgönsk stjórnvöld gefa samt lítið fyrir þessa skýrslu: „Þjóðin okkar fæddist ekki árið 2002. Við eigum okkur fimm þúsund ára sögu. Við höfum áður barist gegn stórveldum. Lögregla okkar og her eru undir það búin að verja sál og fullveldi landsins okkar,“ segir í yfirlýsingu frá stjórn Afganistans.

Tryggingargjald Assange:

# Stuðningsmenn þurfa að borga

**BRETLAND, AP Níu stuðningsmenn Julians Assange þurfa að greiða tryggingargjald, sem þeir gengust í ábyrgð fyrir þegar Assange var látinn laus úr fangelsi gegn því að hann myndi daglega mæta á lögreglustöð og gera grein fyrir sér.**



**JULIAN ASSANGE**

**Dómari í London segir Assange hafa rofið þessa skilmála þegar hann leitaði hælis í sendiráði Ekvadors í London í júní síðastliðnum. Þess vegna eigi að greiða tryggingargjaldið, sem nemur 93.500 pundum eða um 18 milljónum króna. - gb**

Dýravinur á Suðurnesjum:

# Með 29 ketti á heimili sínu

**LÖGREGLA** Mikið dýralíf blasti við þegar lögreglumenn komu inn í íbúð á Suðurnesjum nýverið.

Verið var að bregðast við kvörtunum vegna hunda- og kattahalds þar og óþrifnaðar sem af því leiddi. Þegar inn var komið var þar að finna tvo hunda, þrjá páfagauka og urmul af köttum.

Lögreglumenn reyndu að festa tölu á köttunum en reyndist það erfitt þar sem fleiri bættust í hópinn. Húsráðandi gekkst við því að kettirnir væru 29 talsins, fimmtán sem hann ætti sjálfur og fjórtán sem væru í pössun.

Málið er nú á borði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. **- þj**




# VIRKUR VERÐBRÉFAMARKAÐUR

**Fundur í Turninum Kópavogi, 20. hæð - 11. október 2012 - kl. 8.15-10.15**

Tilgangur Nóv. 2011 • Forsendur Maí 2012 • Tækifæri Okt. 2012

**Fundarröð Deloitte, Kauphallarinnar og Viðskiptaráðs Íslands um mikilvægi virks verðbréfamarkaðar á Íslandi.**

Á þessum lokafundi verður farið yfir tækifæri virks verðbréfamarkaðar.

Setning fundar:
**Knútur Þórhallsson,** stjórnarformaður Deloitte.

Fundarstjóri:
**Páll Harðarson,** forstjóri NASDAQ OMX Iceland.

Aðgangseyrir er kr. 3.500 með morgunverði sem hefst kl. 8.00.
Skráning á **skraning@deloitte.is**

**Fundarmenn:**
**Þórdís Lóa Þórhallsdóttir,** fjárfestir og framkvæmdastjóri
*- Hvað þarf til að ég fjárfesti aftur?*
**Ómar Svavarsson,** forstjóri Vodafone
*- Á leið á markað*
**Kristján Markús Bragason,** aðalgreinir hjá Greiningu Íslandsbanka
*- Hlutabréfamarkaður; veikburða en þó að hressast*
**Ásthildur Margrét Otharsdóttir,** varaformaður stjórnar Marel
*- Virði skráningar*
**Árni Jón Árnason,** Fjármálaráðgjöf Deloitte
*- Íslenska hlutabréfasafnið*



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS ICELAND CHAMBER OF COMMERCE
Deloitte.
NASDAQ OMX



**MM Pajero Instyle**
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**9.390.000,-**

# GLÆSILEGT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐABÍLUM

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Audi A4** Avant 2.0 TDI
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 37.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.490.000,-**



**VW Polo** 1,4 Comfort.
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 49.000, beinskiptur
**Ásett verð:**
**1.990.000,-**



**Skoda Octavia** 1,9 TDi
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 128.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.290.000,-**



**Suzuki Swift** 1,3 GL 4WD
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 37.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.190.000,-**



**Toyota** Auris Terra
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 37.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.670.000,-**



**VW Polo** Comfortl. AT
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 45.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.390.000,-**



**Kia Ceed** 1,6 TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 16.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**3.550.000,-**



**VW Golf** TDi Variant
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 85.000 km, beinsk.
**Ásett verð:**
**1.990.000,-**



**Skoda Superb** 2.0 TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 44.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð**
**4.390.000,-**



**Skoda Fabia** 1,2 Classic
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 81.000 km, beinskiptur
**Ásett verð 930.000**
**Tilboðsverð**
**790.000,-**



**VW Touareg** V6
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 92.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð 2.990.000**
**Tilboðsverð**
**2.590.000,-**



**Toyota** Land Cruiser
120 VX. Árgerð 2007, bensín
Ekinn 57.800 km, sjálfskiptur
**Ásett verð 5.690.000**
**Tilboðsverð**
**4.990.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

Málsvörn í Al Thani-málinu

# Hreiðar sakar undirmenn sína um lögbrot

**Hreiðar Már Sigurðsson furðar sig á að sérstakur saksóknari hafi ekki ákært tiltekna undirmenn hans fyrir löglaust uppgjör á þrettán milljarða sjálfsábyrgð sjeiks Al Thani. Slitastjórn Kaupþings telur ábyrgðina ógreidda og hefur stefnt sjeiknum til að greiða hana.**



SEGIST ALSAKLAUS Hreiðar á það sameiginlegt með hinum sakborningunum þremur í málinu að viðurkenna ekki að hafa brotið af sér. Hér er hann í dómsal með verjandanum Herði Felix Harðarsyni, sem skrifar undir greinargerðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, telur undirmenn sína hafa framið refsivert lögbrot 8. október 2008, sama dag og Kaupþing féll. Þá var sjeik Mohammed bin Khalifa Al Thani leyft að gera upp 12,8 milljarða króna sjálfskuldarábyrgð vegna kaupa sinna í bankanum með því að skipta 50 milljón dollurum í krónur á langtum hærra gengi en öðrum bauðst. Dollarana hafði hann fengið að láni frá Kaupþingi.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í greinargerð Hreiðars sem lögð hefur verið fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur vegna ákæru í Al Thani-málinu svokallaða. Í greinargerðinni ber lögmaður Hreiðars sakir af honum en lýsir jafnframt furðu á því að ekki hafi verið ákært fyrir þetta uppgjör, sem Hreiðar hafi hvergi komið nærri.

### Ákærðir fyrir svik og blekkingar

Sérstakur saksóknari ákærði Hreiðar í febrúar fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun vegna lánveitinga til Al Thani og Ólafs Ólafssonar, eins stærsta eiganda Kaupþings á þeim tíma, samtals að andvirði tæpra þrjátíu milljarða. Af því notaði sjeikinn tæpa 26 milljarða til að kaupa rúm fimm prósent í bankanum eftir miðjan september 2008. Með Hreiðari eru ákærðir Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður bankans, Magnús Guðmundsson, sem var forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, og Ólafur Ólafsson.

Sérstakur saksóknari telur að lánin hafi verið veitt í þeim eina tilgangi að hífa upp verð hlutabréfa í bankanum; þau hafi verið bankanum í óhag og að ákærðu hafi blekkt markaðinn með því að gefa í skyn að fjármagn væri að koma inn í rekstur bankans frá Katar.

### Dugði upp á hár fyrir uppgjörinu

Sjeik Al Thani gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir um helmingi lánsfjárhæðarinnar, um 12,8 milljörðum, og 8. október 2008 var hún greidd að fullu. Að kvöldi sama dags féll bankinn.

Ábyrgðin var hins vegar ekki greidd á neinn venjulegan hátt. Al Thani hafði einnig fengið fimmtíu milljónir dollara lánaðar frá Kaupþingi inn á félagið Brooks Trading á Bresku Jómfrúaeyjum. Líka er ákært fyrir umboðssvik vegna þeirrar lánveitingar.

Þessir peningar voru notaðir til að greiða upp ábyrgðina. Dollurunum var skipt í krónur á sérstöku aflandsgengi sem ákveðið var af starfsmönnum Kaupþings. Það nam um 256 krónum á dollarann, og þannig vildi til að 50 milljónirnar í dollurum dugðu upp á hár til að greiða sjálfskuldarábyrgðina.

### „Að öllum líkindum refsiverð“

Þótt stærstum hluta af 44 blaðsíðna greinargerð Hreiðars Más vegna ákærunnar sé varið í að rökstyðja hvers vegna hann hafi ekki gerst brotlegur við lög er líka farið nokkuð ítarlega yfir Brooks-fléttuna. Og þar bregður svo við að Hreiðar Már telur auðsýnt að lög hafi verið þverbrotin.

Í greinargerðinni er talað um „fordæmalausa atburðarás“ sem „bryti gróflega gegn hagsmunum Brooks og Kaupþings“ og fullyrt að ráðstöfunin hafi verið „ólögmæt og að öllum líkindum refsiverð“.

Hún hafi ekki getað átt sér stað nema eigandi Brooks, það er Al Thani, og starfsmenn bæði Kaupþings og Kaupþings í Lúxemborg hafi vanrækt skyldur sínar.

„Ráðstöfun fjármunanna með þessum hætti var ekki möguleg nema reglur og lög væru þverbrotin og margir einstaklingar ættu þar hlut að máli, og það einstaklingar sem áttu að starfa með hagsmuni Kaupþings að leiðarljósi. Það verður því að teljast með hreinum ólíkindum að ákæra í þessu máli lúti að lánveitingunni en ekki ráðstöfuninni 8. október 2008,“ segir í greinargerðinni.

Þá er bætt við að fyrir liggi að Hreiðar hafi ekki átt neina aðkomu að málinu „og augljóst að hann hefði aldrei veitt samþykki fyrir henni“. Hann hafi ekki frétt af henni fyrr en eftir hrun bankans.

### Slitastjórn vill milljarðana aftur

Eftir þessa fléttu sat Brooks Trading eftir svo til eignalaust en skuldaði Kaupþingi 50 milljónir dollara. Það var að vonum tekið til gjaldþrotaskipta, en skiptastjóri þess á Bresku Jómfrúaeyjum hefur hins vegar lýst því yfir að uppgjörið á sjálfskuldarábyrgðinni sé ólöglegt og riftanlegt.

Af þessum sökum metur slitastjórn Kaupþings það sem svo að líklega muni þurfa að endurgreiða Brooks Trading féð, 50 milljónir dollara, og þar af leiðandi sé sjálfskuldarábyrgð sjeiksins enn ógreidd. Slitastjórnin hefur því höfðað mál á hendur Al Thani til greiðslu 12,6 milljarða vegna ábyrgðarinnar. Það mál var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 19. júní.



Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is

## Hjóla í aðalvitni saksóknara



Í greinargerð Hreiðars Más eru tveir fyrrverandi starfsmenn Kaupþings nafngreindir sem lykilmennirnir í Brooks-fléttunni. Þetta eru þeir Eggert Hilmarsson, sem var lögfræðingur hjá Kaupþingi í Lúxemborg, og **Halldór Bjarkar Lúðvígsson**, sem var viðskiptastjóri á lánasviði Kaupþings. Þar segir að þeim hafi verið ljóst vegna starfa sinna, eða mátt vera ljóst, að ráðstöfunin bryti gegn hagsmunum Brooks og ekki síður Kaupþings.

Halldór Bjarkar er raunar sá fyrrverandi starfsmaður Kaupþings sem einna helst hefur borið um saknæma háttsæmi yfirstjórnenda bankans í yfirheyrslum hjá sérstökum saksóknara.

Í greinargerðinni er athygli vakin á því að Halldór Bjarkar hafi upphaflega verið yfirheyrður sem sakborningur við rannsókn sérstaks saksóknara. Þar segir að réttarstöðunni hafi síðan verið breytt og í kjölfarið hafi framburður hans tekið stakkaskiptum.

Hann hafi þá tekið að gagnrýna framburð Hreiðars og leitast við að fría sjálfan sig ábyrgð. Hann sé tvísaga og fari rangt með ýmislegt.

Í greinargerðinni er skorað á ákæruvaldið að upplýsa hvort gert hafi verið samkomulag við Halldór Bjarkar – og mögulega aðra – um að fallið yrði frá saksókn á hendur honum gegn því að hann veitti upplýsingar um þátt annarra eins og heimild er fyrir í lögum. Sama áskorun er sett fram í greinargerð Magnúsar Guðmundssonar.




Jólastemning í Köben!

Köben frá:
16.900 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Ferðatímabil: 1. nóvember til 15. desember.

Iceland Express
- lækkar verð



Huggulegheit fyrir jólin
2.–4. nóvember

Þessi helgi er alveg sérstaklega notaleg í Köben; þá kemur jólaölið með jólalestinni og er tilvalið að dreypa á því með ekta smörrebrauði. Frábær og afslöppuð stemning. Svo má auðvitað versla aðeins fyrir jólin!

Verð á mann í tvíbýli
59.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur á Wakeup Copenhagen ásamt morgunverði.

FITON / SÍA

Express ferðir
590 0100 | www.expressferdir.is

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

**Ertu að leita upplýsinga?**
**www.suzuki.is**

SUZUKI Way of Life!







Jimny 40th Anniversary

Jimny er með **sterkbyggða sjálfstæða grind**, sem auk gormafjöðrunar á öllum hjólum gerir auðvelt að hækka bílinn upp. 5 gira handskipting eða 4 hraða sjálfskipting. Hægt að tengja framdríf á allt að 100 km hraða. Litaðar rúður. ABS hemlar. Öryggisloftpúðar fyrir ökumann og framsætisfarþegar. Styrktarbitar í hurðum.

Hæðarstillanleg aðalljós. Þjófavörn. Vökvastýri. Rafdrifnar rúðuvindur. Fjárstýrðar samlæsingar. Rafstýrðir útispeglar. Snúningshraðamælir. Þrívirk inniljós og kortaljós. Höfuðpúðar á fram- og aftursætum. Tvískipt fellanlegt aftursætisbak. Útvarp m. geislaspilara. Meðaleyðsla frá **7,3L/100 km**, beinskiptur.

FULL FRAME 4x4

Hugtök Markaðsráðgjöf, sept. 2012

## B R Á Ð U M B Y R J A R F J Ö R I Ð



**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

**SUZUKI**

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS



**STILLT UPP Á RANANUM** Þessi uppstoppaði fíll er til sýnis á myndlistarsýningu í Reims í Frakklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Morsi Egyptalandsforseti fer yfir eigin árangur eftir hundrað daga í embætti og er býsna sáttur:

# Forsetinn gefur sjálfum sér hæstu einkunn

**EGYPTALAND, AP** „Ég bý enn í leiguíbúð,“ sagði Mohammed Morsi Egyptalandsforseti í ræðu um helgina, þar sem hann gaf sjálfum sér hæstu einkunn fyrir frammistöðuna fyrstu hundrað dagana í embætti.

„Ef einhver sér mig aka nýrri bifreið, sem ekki er í ríkiseigu, þá á hann að tilkynna það,“ bætti hann við.

Morsi var kosinn forseti Egyptalands síðastliðið vor, sá fyrsti sem kosinn er til þess embættis í frjálsum kosningum þar í landi. Forvera hans, Hosni Mubarak, var steypt af stóli í byltingu almennings eftir þriggja áratuga valdaferil.

Áður en Morsi tók við embætti gaf hann ákveðin loforð um nokkur atriði sem hann ætlaði sér að afreka strax á fyrstu hundrað dögunum í embætti. Meðal annars lofaði hann því að bæta úr eldsneytisskorti í landinu, betrumbæta niðurgreitt brauð, hafa hemil á glæpaöldunni, hreinsa ruslið af götunum og draga úr umferðarteppum.

Morsi hefur látið mæla árangurinn og hélt því fram að hann hafi náð áttatíu prósenta árangri í brauðmálinu, sextíu prósentum í umferðarmálunum, fjörutíu í sorphirðu, 95 prósentum í eldsneytismálum og sjötíu prósentum í öryggismálum. - gb



**EKIÐ INN Á LEIKVANGINN** Mohammed Morsi veifar til mannfjöldans meðan honum er ekið í forsetabifreiðinni inn á leikvang í Kaíró. NORDICPHOTOS/AFP




Nýr bæklingur fylgir með Fréttablaðinu í dag

TIGER

Villidýr á verði · www.tiger.is

Kringlan / Laugavegur / Smáralind / Akureyri







FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir - oft á dag

# Snýst ekki síst um aðildarferlið sjálft

**Aleksandar Pejovic, aðalsamningamaður Svartfellinga í aðildarviðræðum við ESB, er staddur hér á landi til að ráðfæra sig við íslenska samningahópinn. Segir stöðugleika helsta kostinn við aðild. Margt vinnist með aðildarferlinu sjálfu.**

**EVRÓPUMÁL** Aðildarferlið að Evrópusambandinu (ESB) nýtist Svartfellingum vel og þeir geta lært mikið af reynslu Íslands í aðildarviðræðunum við ESB. Þetta segir Aleksandar Pejovic, aðalsamningamaður Svartfjallalands í ESB-viðræðunum, í samtali við Fréttablaðið. Hann var hér á landi undir lok síðustu viku þar sem hann hitti fyrir bæði utanríkisráðherra, fulltrúa samninganefndar Íslands og fleiri sem koma að viðræðunum.

Pejovic segir margar ástæður liggja að baki því að Svartfjallaland, sem hefur einungis um 650.000 íbúa, sæki um aðild að ESB. Í fyrsta lagi sé það von um bætt lífskjör almennings og betri viðskiptatengsl. Hann bætir því við, aðspurður, að smæð landsins þurfi ekki að fæla frá aðild.

„Í síðustu stækkunarlotum, þar sem smáríki eins og Malta og Kýpur hafa komið inn, sannast að þau geta haldið sínum sérkennum og búa ekki við ofríki stærri ríkja. Eftir því sem smærri ríkjum fjölgar í ESB er auðveldara að koma sinni stefnu á framfæri,“ segir hann.

Aðaláskoranir Svartfjallalands eru, samkvæmt úttekt framkvæmdastjórnar ESB, tengd löggæslu og dómsmálum. Pejovic tekur undir það. Ástandið á Balkanskaga hafi lengi einkennst af upplausn þar sem réttarríkið og aðrar stofnanir hafi veikst mikið og ríkin eigi enn mikið starf óunnið.

Spurður hvað Svartfellingar hafi að bjóða segir Pejovic að það sé margvíslegt. „Okkar trú er að Balkanlöndin geti, með aðild að ESB og NATO, öðlast meiri stöðugleika út frá öryggissjónarmiðum ESB og þannig leyst úr okkar vandamálum og tekið upp eðlileg samskipti við nágrannaríkin,“ segir hann og bætir því við að menningararfleifð og gildi Svartfjallalands geti líka auðgað menningarflóru ESB.

Svartfjallaland sótti um aðild að ESB árið 2008, en samningaviðræður hófust ekki formlega fyrr en í sumar. Pejovic segir þó enga óþolinmæði í þeirra ranni. Viðræður í nokkrum málaflokkum geti hafist eftir þrjá til fjóra mánuði en menn setji sér ekki tímaramma fyrr en rýniferlinu ljúki.

„Ísland er þegar svo samræmt ESB að mörgu leyti að það verðið síður vör við breytingar, en fyrir okkur hefur ferlið í för með sér margs konar nýjungar. Ferlið er því mun mikilvægara fyrir okkur en aðildin og við ætlum að nýta það til að auka lífsgæði landsmanna eins og við getum.“ thorgils@frettabladid.is



**SAMNINGAMAÐURINN** Aleksandar Pejovic fer fyrir samningahópi Svartfellinga við ESB. Hann segist geta lært mikið af reynslu Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ísland er þegar svo samræmt ESB að mörgu leyti að þið verðið síður vör við breytingar, en fyrir okkur hefur ferlið í för með sér margs konar nýjungar.


www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

Ratvís og víðsýnn

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Volkswagen Passat Comfortline Plus er nú fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti ásamt bakkmyndavél.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

Eirberg

*- gæsla og öryggi*




## Foscam í fararbroddi

- Þráðlaus samskipti við tölvur og snjallsíma
- Sendir myndir í tölvupóst við hreyfingu
- Nýjasta tækni og einstök myndgæði
- Einföld uppsetning myndavéla og engin áskriftargjöld
- Uppsetning býðst einnig gegn vægu gjaldi

**Fylgstu með þínu umhverfi í netvafra með viðmóti myndavélar og í gegnum forrit fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.**

| Fjarstýrð Pan / Tilt | Þráðlaus samskipti | Greinir hreyfingu og sendir boð | Hljóðnemi og hátalari | Nætursjón | HD Háskerpu-myndgæði |
|---|---|---|---|---|---|

# Gæslan í þínum höndum



### Myndavél Mini *FI8907W*

Lítil, nett og góð viðbót við barnagæsluna

Litir: ● ○

**Verð 19.750 kr.**



### Fjarstýrð myndavél *FI8910W*

Stjórnaðu vélinni úr tölvu eða snjallsíma

Litir: ● ○

**Verð 29.750 kr.**



### Fjarstýrð háskerpumyndavél HD *FI9820W*

Framúrskarandi myndgæði

Möguleiki á upptöku beint á minniskort

Litir: ● ○

**Verð 39.750 kr.**

HD



### Útimyndavél *FI8905W*

Vatns- og veðurvarin úr hágæða álblöndu

Öflug 30 metra nætursjón

**Verð 27.950 kr.**



### Fjarstýrð útimyndavél *FI8620*

Skörp linsa með autofocus og 10x aðdrátt

Níðsterkt vatns- og veðurvarið stálhús

**Verð 139.750 kr.**

FOSCAM

*öryggismyndavélar*

› Verslaðu á vefnum › Frí sending að 20 kg › 1 árs skilaréttur

foscam.is

Opið virka daga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Bendum á reglur um rafræna vöktun á persónuvernd.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Meira þarf að gerast svo hreinsa megi til í miðbænum:

## Sparlega farið með dagsektirnar

Fréttablaðið sagði frá því í síðustu viku að dagsektir vegna trassaskapar húseigenda í Reykjavíkurborg næmu nú tugum milljóna, nánar tiltekið 32 milljónum, vegna sex húsa víða um borgina. Þar er um ólík tilvik að ræða, bæði gömul hús sem trassað hefur verið að halda við (til dæmis gamla Borgarbókasafnið við Þingholtsstræti), hús í ágætu viðhaldi sem óleyfilegar breytingar hafa verið gerðar á og nýbyggingar sem ekki hefur verið gengið frá sem skyldi.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, sagði í samtali við blaðið að dagsektafyrirkomulagið hefði skilað tilætluðum árangri, þrátt fyrir að borgaryfirvöld hefðu ekki gengið hart fram við innheimtu skulda vegna dagsekta. Þannig hafa sumir þeir sem hafa verið sektaðir heitið því að koma sínum málum í lag. Þá er hefð fyrir því að sektirnar séu felldar niður, sé orðið við kröfum borgarinnar um úrbætur.

Þetta er allt ágætt svo langt sem það nær. Og kannski stærsta breytingin sú að borgaryfirvöld séu yfirleitt farin að nota dagsektir til að taka á trassaskap húseigenda. Fréttablaðið sagði frá því í apríl í fyrra að engar dagsektir hefðu þá verið lagðar á, þrátt fyrir að þrjú ár væru frá því að borgin sendi hundruðum húseigenda í miðborginni aðvörun um að þeir yrðu sektaðir ef þeir gerðu ekki eitthvað í viðhaldi húseigna sinna. Margir þessara eigenda voru og eru verktakafyrirtæki, fasteignafélög og bankar, sem hafa enga góða afsökun fyrir því að láta eignirnar drabbast niður.

Í millitíðinni kom efnahagshrun og borgaryfirvöld gengu lengi vel ekki hart fram gegn eigendum húsa í niðurníðslu. Nú eru forsendur fyrir slíkri mildi breyttar og borgin byrjuð að beita dagsektaúrræðinu. Eins og Páll Hjaltason bendir á er hin hliðin á peningnum hagsmunir almennings; niðurnídd hús skemma út frá sér og geta verið hættuleg. Þá er ónefnt hvílíkt lýti þau eru á borginni, sérstaklega gamla miðbænum.

Sú spurning hlýtur samt að vakna hvers vegna borgaryfirvöld ganga ekki mun harðar fram í að beita dagsektaúrræðinu. Sú hefð að innheimta ekki sektirnar jafnóðum, heldur fella þær niður loksins þegar eigendur taka sig saman í andlitinu, getur heldur ekki verið mjög hvetjandi fyrir trassana að gera strax eitthvað í sínum málum.

Allir sem ganga um miðborg Reykjavíkur, og raunar fleiri hverfi, vita að rík ástæða er til að sekta miklu fleiri en þessa sex sem þegar hafa verið sektaðir og þrjá sem á að bæta við á næstunni. Borgaryfirvöld eiga ekki að fara svona sparlega með þetta áhrifaríkasta úrræði sem þau hafa gegn þeim sem láta eignir sínar og þar með umhverfi okkar allra drabbast þannig niður.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þá sjaldan hún er í notkun

Heiðarleiki er dyggð og það ætti að vera öllum keppikefli að segja ætíð satt og ærlega frá. Það vill þó loða við sumar stéttir að dýpra sé á heiðarleika hjá þeim en öðrum, til dæmis stjórnmálamenn. Þess vegna var hressandi að lesa viðtal við Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins í Kópavogi, í Fréttablaðinu í gær. Ómar var sýknaður af aðild að ólöglegri lánveitingu úr lífeyrissjóði og er að athuga réttarstöðu sína, með tilliti til skaðabóta. „Það er algjörlega óásættanlegt að vera sviptur ærunni skömmu fyrir prófkjör," segir bæjarfulltrúinn. Tímasetningin var sem sagt afleit, einmitt þegar brúka átti æruna var Ómar sviptur henni.



### Hver er afstaða ráðherra?

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, þýfgaði Steingrím J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra á þingi í gær um afstöðu hans varðandi drög að stjórnarskrá og þær spurningar sem brátt verða lagðar fyrir þjóðina. Vildi hann meðal annars vita hvort einhverju yrði hnikað til í drögunum, yrðu þau samþykkt.



### Leyndarmál og hananú

Steingrímur taldi fráleitt að hann upplýsti um afstöðu sína í leynilegum kosningum og hann ætti sína afstöðu við sig sjálfan. „Þetta er leynileg kosning og hananú!" Þetta vekur upp spurningar. Ríkisstjórnin hefur það á stefnuskrá sinni að bera aðildarsamning að Evrópusambandinu undir þjóðina. Mun Steingrímur einnig halda leynd þeirra kosninga í heiðri og neita að gefa upp afstöðu sína til aðildar að ESB?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Þjóðin mótar nýja stjórnarskrá

Ný stjórnarskrá

Gunnar Hersveinn
rithöfundur



Fátt er betra fyrir samfélagið en öflugur borgari sem hefur hugrekki til að taka þátt, mæla með og mótmæla. Borgara sem sofnar á verðinum er á hinn bóginn sama um það sem gerist næst, hann er skeytingarlaus um framtíðina og horfist ekki í augu við að hann verði síðar samábyrgur gagnvart kjörum næstu kynslóðar.

„... saman berum við ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi og sögu, náttúru, tungu og menningu," segir í aðfararorðum að frumvarpi til stjórnskipunarlaga. Enginn getur afsalað sér þessari ábyrgð.

> Hlustið ekki á úrtöluraddir, takið bara þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

20. október verður þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá, þar verður m.a. spurt hvort leggja eigi tillögurnar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Borgari sem telur sér trú um að þetta sé léttvæg spurning og ætlar að sofa heima hefur glatað trúnni á eigin kraft og samtakamátt og sýnir skeytingarleysi, ekki síst gagnvart næstu kynslóðum.

Hver borgari hefur allar stundir tækifæri til að láta til sín taka í samfélaginu, til að gagnrýna og til að byggja upp. Þjóðaratkvæðagreiðslan 20. október er sérlega mikilvæg því hægt er að tjá sig um þýðingarmikið verkefni sem hefur staðið yfir í mörg ár. Spurt verður m.a. um hvort lýsa eigi náttúruauðlindir, sem ekki eru í einkaeigu, sem þjóðareign.

Við þekkjum ótal dæmi úr sögunni um þjóðir sem hafa glatað auðlindum sínum í hendur annarra sem hafa eytt þeim. Þjóðir hafa verið sviptar ríkidæmi sínu, stundum með ofbeldi en einnig oft með blekkingum eða bara vegna þess að þær sofnuðu á verðinum.

„Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru," segir í 33. gr. í tillögum stjórnlagaráðs. Þetta líta Íslendingar á sem órjúfanlegan þátt í lífi sínu, sem enginn getur tekið frá þeim. Þó kveður núverandi stjórnarskrá ekki á um þennan rétt og eru mörg dæmi til um þjóðir sem hafa glatað þessum verðmætum.

Hlustið ekki á úrtöluraddir, takið bara þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Rislágir karlar

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Þegar maður veltir fyrir sér karlmennsku og því sem hana skilgreinir þá fær hver og einn eflaust einhverja mynd upp í hugann. Sumir sjá fyrir sér sterkan, stæltan, jafnvel vel hærðan, eða vaxborinn hárlausan karlmann sem lætur engan bilbug á sér finna. Þá eru aðrir sem sjá fyrir sér föðurlegan, ábyrgan og traustan aðila sem tekur af skarið, veit sínu viti og lætur ekki hlaupa með sig í gönur. Svona mætti lengi telja í stereotýpiseringu, það sem þó flestir tengja við karlmennsku, að minnsta kosti þeir sem eru karlkyns, er hvort þeim rísi hold eður ei.

Þetta grundvallaratriði virðist samofið þessum skilningi karlanna og því ákaflega mikilvægt og ekki síður pínlegt ef það bregst í hita leiksins, sem aftur leiðir til efasemda um eigin getu og hefur áhrif á vellíðan einstaklingsins sem á í hlut.

Það er vel þekkt að risvandamál eru algengust hjá eldri karlmönnum, en þau geta komið fyrir á hvaða aldri sem er. Ristruflun er hins vegar samkvæmt skilgreiningu endurtekinn og viðvarandi vandi og er slíkt þekkt hjá karlmönnum frá fertugu, þó í minni mæli sé, en líklegra eftir því sem árin líða. Rannsóknir hafa sýnt að allt að 40% karla um fertugt glíma við slíkt og eykst tíðnin með aldri í allt að 70% hjá körlum um sjötugt. Ekki má rugla saman breyttri kynhvöt, vandamálum með sáðlát annars vegar og ristruflun hins vegar. En sú síðastnefnda byggir fyrst og fremst á vanda við að fá stinningu og að halda henni. Orsakirnar fyrir slíkum vanda eru fjölmargar, en eðli vandans liggur fyrst og fremst í blóðflæðiröskun og röskuna í taugum. Krónískir sjúkdómar eru hér fremstir í flokki eins og hjarta- og æðasjúkdómar, hár blóðþrýstingur, sykursýki, nýrnasjúkdómar, taugasjúkdómar og krabbamein svo eitthvað sé nefnt. Þá eru aðgerðir sem hafa áhrif eins og við meinum í blöðru og blöðruhálskirtli. Fjöldamörg lyf hafa einnig þessi neikvæðu áhrif, eins og ákveðnar tegundir blóðþrýstilyfja, þunglyndislyf og róandi lyf.

> Það er vel þekkt að risvandamál eru algengust hjá eldri karlmönnum, en þau geta komið fyrir á hvaða aldri sem er. Ristruflun er hins vegar samkvæmt skilgreiningu endurtekinn og viðvarandi vandi og er slíkt þekkt hjá karlmönnum frá fertugu, þó í minni mæli sé, en líklegra eftir því sem árin líða.

Þá má ekki gleyma lífsstílnum, en þekkt er að þeir sem reykja eru að minnsta kosti tvöfalt líklegri til að þróa ristruflanir. Ofneysla áfengis og ofþyngd hafa einnig töluverð áhrif. Þá hefur verið sýnt fram á að þeir sem hreyfa sig reglubundið og stunda heilbrigðan lífsstíl fá síður þessi vandamál, með þeirri áhugaverðu undantekningu þó að þeir sem hjóla mikið virðast eiga frekar við risvandamál að stríða.

Mjög mikilvægt er að hlúa að hinum andlega þætti sem byggir á jafnvægi og vellíðan, en ljóst er að streita, álag og lélegt sjálfsmat hefur gríðarleg áhrif á karlmennskuna á neikvæðan hátt og getur þurft að koma til meðferðar vegna slíkra vandamála.

Þeir sem eru rislágir og finna til þessara einkenna eiga þó nokkurra kosta völ og er algengast að reynd séu svokölluð stinningarlyf, sem auka blóðflæði og hafa þannig jákvæð áhrif, annað hvort í töfluformi eða sem sprauta. Aðrar aðferðir eru sértækari og krefjast meiri inngripa af hálfu þvagfæralækna. Aðalatriði í þessu samhengi er að ræða vandann bæði við maka sinn og lækni svo hægt sé að greina vandann sem fyrst og fá viðhlítandi meðferð.

Það er því afar mikilvægt að hreyfa sig reglubundið, borða hollan mat, reykja ekki, drekka áfengi í hófi, nota sem minnst af lyfjum og vera í andlegu jafnvægi til þess að halda reisn!

# Já – við sameiningu

Sveitarstjórnarmál
Erling Ásgeirsson
formaður bæjarráðs Garðabæjar



Nú þegar aðeins örfáir dagar eru þangað til Garðbæingar og Álftnesingar ganga að kjörborðinu og kjósa um sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga er rétt að staldra við og gera sér grein fyrir því hvers vegna þetta svæði, sem landfræðilega er eitt og hið sama, er yfirhöfuð tvö sveitarfélög.

Álftaneshreppur hinn forni varð til með hreppaskiptingunni á þjóðveldisöld. Hann náði frá Kúagerði í suðri til Kópavogslækjar í norðri, frá sjávarmáli á Álftanesi í vestri austur um Bláfjöll að sýslumörkum Árnessýslu. Hreppnum var skipt árið 1878. Einhver kann að hugsa sem svo að það hafi verið í fornöld og hafi enga skírskotun til nútímans. En er það svo? Ég átti t.d. afa sem fæddur var 1875 og hefði þess vegna getað verið fæddur í hinum forna hreppi og svo er að sjálfsögðu um marga aðra.

### Fyrsti hreppurinn sem skipt var upp

Álftaneshreppur hinn forni var fyrsti hreppurinn sem skipt var í tvo hreppa. Þá voru hafnar umræður um að aðskilja Hafnarfjörð frá hreppnum og voru fyrir því gildar ástæður, sérstaklega út frá atvinnusjónarmiðum.

Leiddar hafa verið að því líkur að höfðingjarígur hafi mestu ráðið um skiptingu hreppsins eins og hún var framkvæmd. Þar áttu hlut að máli Þórarinn Böðvarsson, prófastur í Görðum, og Grímur Thomsen, bóndi og skáld á Bessastöðum, en með þeim munu hafa verið litlir kærleikar. Báðir voru miklir skörungar og vildu láta að sér kveða.

Þórarinn byggði Garðakirkju fyrir eigin reikning og gaf söfnuðinum. Hann lét einnig byggja Flensborgarskólann og gaf Álftaneshreppi hann til minningar um Böðvar, son sinn, sem lést ungur. Grímur starfaði um árabil í utanríkisþjónustu Dana en þegar hann fluttist aftur til Íslands keypti hann Bessastaði af Danakonungi og bjó þar góðu búi. Hann stofnaði þar skóla sem síðar var fluttur að Bjarnarstöðum á Álftanesi. Þegar hreppamörkin voru ákveðin voru sóknirnar látnar ráða og pennastrik dregið yfir nesið þar sem það er mjóst frá Selskarði og um eiðið á Hliðsnesi. Rétt er að geta þess að upplandinu og afréttum var aldrei skipt. Landfræðilega er svæðið frá fjöru til fjalls ein samfella og í nútímanum eðlilegast að það verði ein skipulagsheild.

### Náin samvinna

Allur almenningur á svæðinu hefur lengst af litið á sig sem eitt samfélag og haft nána samvinnu á mörgum sviðum, ekki síst félagslega og menningarlega. Nægir þar að nefna að gegnum tíðina hafa mörg félög starfað sameiginlega í báðum sveitarfélögum, kirkju- og safnaðarstarf hefur verið samtengt, bæði sveitarfélögin eru aðilar að Fjölbrautaskóla Garðabæjar og munu standa saman að hinu nýja hjúkrunarheimili í Sjálandi.

Að framansögðu tel ég einsýnt að segja já við sameiningunni hinn 20. október næstkomandi og slá þar með strik yfir ríg sveitahöfðingjanna sem telja verður að hafi verið undirrót skiptingarinnar á sínum tíma.

Þú rúllar þessu auðveldlega upp

Það er einfaldara en þú heldur
að búa til gott sushi




Með vörulínunni frá Saitaku verður sushi-gerðin leikur einn. Mikið úrval hráefna í hæsta gæðaflokki tryggir ljúffengt sushi eins og Japanir vilja hafa það. Einfaldar leiðbeiningar og uppskriftir er að finna á umbúðunum.

SAITAKU®
Einfalt að hætti Japana

BÓNUS HAGKAUP


TOSHIBA
DELL
acer
hp
ASUS
UNITED
FARTÖLVU
VERÐFALL Á YFIR 80 GERÐUM AF
acer
-40.000
Acer Aspire
5750-2316G1TMN far
99.990
Fullt verð 139.990
TOSHIBA
-20.000
Toshiba Satellite
Pro C850-10N
99.990
Fullt verð 119.990
ASUS
-45.000
ASUS P53E-
S0188X - i5
124.990
Fullt verð 169.990
TOSHIBA
-15.000
Toshiba Satellite
L850-14J
124.990
Fullt verð 139.990
acer
-30.000
Acer Aspire V5-171-
32366G50ass
79.990
Fullt verð 109.990
acer
-20.000
Acer Aspire V5-
571G-32364G32Ma
79.990
Fullt verð 99.990
TEXTI OG VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR.
TAKMARKAÐ MAGN!
SÝNINGAREINTÖK
OG UMBÚÐARLAUST
Á GEGGJUÐU VERÐI!
AÐEINS
NOKKRIR
DAGAR
TÖLVULISTINN
Heimilistæki

# URÝMING

## FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM




ASUS P53E-SO117X - i3

**104.990**

Fullt verð 139.990




Acer Aspire M3-581T-32364G34Mn

**109.990**

Fullt verð 139.990




Asus K73TK-TY028V

**94.990**

Fullt verð 149.990




Acer Iconia TAB A200
16GB spjaldtölva

**59.990**

Fullt verð 79.990




Asus TF300T-1A109A
spjaldtölva

**69.990**

Fullt verð 79.990




Asus K53-SX1261V

**109.990**

Fullt verð 129.990




Asus K73SD-TY195V

**119.990**

Fullt verð 169.990

Windows® 8

## Windows 8 kemur 26. október !

Allar fartölvur 11,6" eða stærri á fartölvurýmingunni er hægt að uppfæra á aðeins kr. 2.499 í Windows 8 Pro útgáfuna hjá Microsoft. Gildir til 31. janúar 2013. Nánar á www.windowsupgradeoffer.com.

tl.is

TÖLVU LISTINN

**6 VERSLANIR UM ALLT LAND**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |




# Spurt var!

Menntamál



**Ólafur Loftsson**
formaður Félags grunnskólakennara

Sæll nafni og gamli bekkjarbróðir.

Í leiðara Fréttablaðsins 8. október spyrðu hvers vegna ég telji ótækt að fela þriðja aðila rekstur alls skólastarfs í einu sveitarfélagi, auk þess sem þú veltir fyrir þér hvort einkafyrirtæki séu lélegri en opinberir aðilar í að reka skóla. Mér er bæði ljúft og skylt að bregðast við þessu.

Á vormánuðum höfðu foreldrar á Tálknafirði samband við félagið vegna þess að þeim leist ekki á blikuna í skólamálum á staðnum. Það spurðist út að einkaaðili myndi taka yfir rekstur á öllu skólastarfi sveitarfélagsins. Hvað með okkur foreldrana, sem viljum ekki þetta skólaúrræði, okkur sem viljum frekar að börnin okkar fari í „hefðbundinn“ skóla? var spurt.

Í landinu eru lög sem kveða á um að menntamálaráðherra sé „heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 1. gr. (sömu laga), sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum…“ Á Tálknafirði hefur skólinn ekki verið viðurkenndur, hann starfar því ekki samkvæmt lögum um grunnskóla og því ekki um „undarlega deilu“ að ræða. Að halda því fram að skólinn sé á forræði sveitarfélagsins og um misskilning sé að ræða er barnalegt. Rekstraraðilinn ræður skólastjóra, kennara og starfsfólk. Námsskrá er sett af rekstraraðilanum, öllum spurningum er varða skólahaldið er svarað af rekstraraðilanum og á heimasíðu rekstraraðilans er mikið gert úr nýjustu skólaeiningu hans á Tálknafirði. Það er alveg ótækt að einkaaðili og sveitarfélagið komist upp með að standa svona að málum og gefa ráðuneyti menntamála og lögum í landinu langt nef.

Þú spyrð réttilega hvort einkaaðilar séu verri en opinberir aðilar í að reka skóla? Við því er ekki eitt svar, það fer eftir einkaaðilanum. Af hverju ekki að snúa þessari spurningu við og spyrja hvort opinberi aðilinn sé verri til að reka grunnskóla en sá einkavæddi? Er eitthvað sem bendir til þess? Í grunnskólum landsins er rekið metnaðarfullt skólastarf af hæfum kennurum og stjórnendum sem sinna því af mikilli fagmennsku og alúð, oft við mjög erfiðar aðstæður. Rannsóknir sýna að nemendur í íslenskum grunnskólum geta gengið að því nokkuð vísu að fá góða og uppbyggilega menntun hvar sem þeir búa á landinu. Gæði skólastarfs um allt land eru nokkuð jöfn. Með „hefðbundnum“ skóla er nokkuð tryggt að öll börn þessa lands fái grunnmenntun við hæfi.

Að hluta til svaraðu spurningu þinni sjálfur. Með því að hafa skólaúrræði sveitarfélags (leik-, tónlistar,- og grunnskóla) á einni hendi hafa foreldrar ekkert val og, svo ég vitni í þig í sjálfan, „Þar er heldur ekkert val, nema fólk vilji setja börnin sín í skóla í öðru sveitarfélagi…“ Þeir foreldrar sem höfðu samband við okkur á vormánuðum hafa ekkert val í dag, nema að setja barnið sitt í þetta sértæka einkaskólaúrræði, senda börnin í annað sveitarfélag eða flytja búferlaflutningum. Dæmi um allt þetta höfum við sbr. fréttir.

Ekkert af ofanrituðu þýðir að einkaskólar geti ekki verið góðir. Alls ekki. Við höfum ágæt dæmi um einkaskóla sem ganga vel. Í þeim tilvikum hafa foreldrar valið að senda börnin sín í einkaskóla, enda hafa þeir einnig val um annað. Ég hef aldrei amast við því að fólk hafi raunverulegt val í þessum málum.

Ég er ekki sammála þér að þau lög séu vond sem heimila ekki heilu sveitarfélagi að fela þriðja aðila allt skólastarf. Þau eru sett til að tryggja gæði og jafnrétti allra barna á Íslandi til að hljóta ákveðna grunnmenntun sem við sem samfélag erum sammála um að veita. Þannig tryggjum við meðal annars jafnrétti til náms.

***P.S.*** Það er frekar skrítið að þú hefur aldrei samband við mig nema í gegnum leiðara Morgunblaðsins eða Fréttablaðsins.

# Leifur og jakkafötin

Tollar



**Sigríður Andersen**
héraðsdómslögmaður og í stjórn Amerísk-íslenska viðskiptaráðsins

Leifs heppna Eiríkssonar er minnst í Bandaríkjunum í dag, en um árabil hefur 9. október verið nefndur Dagur Leifs heppna þar í landi. Að þessu leyti hefur Leifi verið gert jafn hátt undir höfði og Kristófer Kólumbusi, sem drap niður fæti í Ameríku 500 árum síðar og á einnig sinn dag á hinu bandaríska dagatali. Þótt Leifur sé stundum ranglega talinn Norðmaður eða jafnvel sænskur vegna líkinda föðurnafnsins við sænskt símafélag vitum við betur. Það er ekki bara af sannleiksást sem Íslendingar halda því til haga að Leifur hafi verið íslenskur. Það er ekki síður vegna þess að það er auðvitað gaman að geta tengt okkar litla land við þessa miklu heimsálfu, ekki síst Bandaríkin, með tilvísun til landafundar. Amerísk-íslenska viðskiptaráðið mun gera þessum tengslum skil á morgunverðarfundi á Nordica hóteli í dag.

Hvaða erindi átti Leifur annars til Ameríku? Er ekki trúlegt að hann hafi vænst þess að finna þar eitthvað sem ekki fannst fyrir á Grænlandi, Íslandi eða annars staðar á Norðurlöndunum? Eitthvað sem gæti bætt kjör hans fólks? Trúlega varð honum ekki að ósk sinni því landafundur hans varð ekki öðrum samtíðarmönnum hans nein hvatning til ferðalaga vestur um haf næstu árhundruðin.

Samskipti Íslands og Ameríku, einkum Bandaríkjanna og Kanada, urðu þó seinna varanleg. Þótt um tíma hafi varnarmálin verið mest áberandi í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna hafa viðskipti, menning og menntamál ávallt skipað þar ríkan sess. Bandarísk menning hefur auðvitað haft áhrif hvarvetna í heiminum en margir íslenskir listamenn hafa einnig náð að hasla sér völl á hinum víðfeðma markaði vestan hafs. Þá hafa íslenskir námsmenn jafnan átt greiðan aðgang að öllum þeim frábæru skólum sem finnast í Bandaríkjunum. Bandaríkin hafa í áratugi verið helsti áfangastaður íslenskra námsmanna í framhaldsnámi.

Það skýtur hins vegar skökku við að enn skuli vera lagðir tollar á vörur frá Bandaríkjunum þegar þeir hafa verið afnumdir af innflutningi frá Evrópu og mörgum ríkjum utan Evrópu. Enn þá eru lagðir gríðarlegir tollar á bandarískan vörur, sem hamlar innflutningi þeirra til Íslands. Á bandarísk jakkaföt, og flestan annan fatnað, er lagður 15% tollur áður en himinhá virðisaukaskatti er bætt við innflutningsverðið. Enginn tollur er hins vegar lagður á jakkaföt frá Evrópu, Kanada, Síle, Singapúr eða Króatíu, svo nefnd séu dæmi um lönd sem Ísland hefur gert fríverslunarsamning við. Það sama gildir með flestar aðrar vörur þótt tollurinn sé mishár. Með þessum hætti beinir ríkið fólki frá því að kaupa vörur frá Bandaríkjunum og kemur í veg fyrir að íslenskir neytendur njóti hindrunarlaust þess hagstæða verðs sem mikið vöruúrval og samkeppni á bandarískum markaði hefur getið af sér.

Á sama tíma leggja stjórnvöld hér mikla áherslu á neytendavernd og samkeppni. Slíkt er auðvitað marklaust hjal á meðan vörur frá stærsta framleiðanda heims eru skattlagðar út af markaðinum í þágu aðallega evrópskra framleiðanda, allt á kostnað heimilanna í landinu. Ákvörðun um tolla er einhliða ákvörðun hvers ríkis. Afnám tolla er það líka og stjórnvöld eiga að taka Bandaríkin af svarta listanum. Íslenskir neytendur eiga það skilið og evrópskir framleiðendur hafa gott af því.





## HOLLUR HAUSTMATUR

**Dæmi um góðan grænmetisrétt. Niðurskorið grænmeti, kúrbítur, paprikur, blómkál, gulrætur, rauðlaukur, sólþurrkaðir tómatar, ólífur og átta hvítlauksrif eru sett í eldfast form með ólífuolíu og balsamediki. Kryddað með kryddjurtum, salti, pipar og balsamediki. Bakað við 200°C í 30 mínútur.**

Eirberg
Wet-Stop barnanæturþjálfinn
Skynjari vekur barnið með hljóði eða titringi
Verð: 9.750 kr.
Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

ÞÆGILEGUR
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur
teg 8409 virkilega þægilegur í C,D,E
skálum á kr. 5.800,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Glæsileg undirfatalína frá Audelle
Bh: í skálast. A-FF. Verð: 7.300 kr.
Boxer: st. 8-16. Verð: 3.800 kr.
Litir: svart, hvítt, violet, coral, rose.
Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

praxis
...þegar þú vilt þægindi
Vatteraðir jakkar
fást í 5 litum Svörtu, rauðu, ljós lime, fjólubláu, og kónabláum
Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán.- fös. 11.00- 18.00 og laugard. 11.00-15.00



# SKAUTAÐ TIL SIGURS

**MEISTARAR Á ÍS** *Clair Williams kom til Íslands fyrir tæpu ári til að starfa sem yfirþjálfari listskautadeildar Bjarnarins. Hún segir íslensku stelpurnar vera með þeim bestu sem hún hafi þjálfað á fimmtán ára þjálfaraferli.*

Clair, sem er frá Bretlandi, hefur starfað sem skautakennari undanfarin fimmtán ár í Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum. Þar áður hafði hún sjálf æft og keppt í tuttugu ár. Hún ákvað að sækja um starf á Íslandi til að vera nær föðurlandi sínu. „Ég missti föður minn og í kjölfarið vildi ég vera nær fjölskyldunni. Ég var að vinna í Kanada, og því sótti ég um starfið hér," segir Clair.

Það er mikill fengur fyrir uppbyggingarstarf Bjarnarins að fá manneskju eins og Clair, með umfangsmikla þekkingu og alþjóðlega reynslu, til liðs við sig. Clair segir mikilvægt í uppbyggingarstarfi íþróttafélags að hafa langtímamarkmið. „Það hefur náðst gríðarmikill árangur undanfarið ár. Við settum okkur langtímamarkmið og byrjuðum á að einbeita okkur að líkamsstyrk og tækni, sem hefur stórbatnað. Á næsta ári munum við svo leggja áherslu á andlega þáttinn, en það er gríðarmikilvægt að hafa sterka sýn og trú á sjálfum sér í þessari íþrótt."

Clair segir listskauta vera með erfiðari íþróttum. „Það er svo margt sem kemur til; þátttakendur þurfa að vera liðugir, sterkir og fimir með góðar tímasetningar og mikla tækni. Allt þetta þarf svo að samræma með tónlist. Ofan á það þurfa þátttakendur einnig að líta tignarlega út á ísnum. Til þess að allt gangi upp þarf að huga vel að og styrkja andlegu hliðina. Listskautar eru flóknari íþrótt en til dæmis fótbolti eða hlaup að því leyti að þar sameinast íþrótt og list."

Starfsemi listskautadeildar Bjarnarins skiptist í nokkra þætti. Skautaskóladeild með áttatíu iðkendur frá fimm til sextán ára sem æfa tvisvar í viku og fara auk þess á þrekæfingar. „Svo er C-deild þar sem eru um fimmtíu iðkendur á aldrinum fimm til nítján ára sem ekki hafa tekið grunnpróf, æfa 3-4 sinnum í viku auk þrekæfinga. Að lokum eru það A- og B-deild þar sem æfa um fjörutíu iðkendur sem hafa lokið grunnprófi. Þeir keppa á sambandsmótum sem haldin eru fjórum sinnum á ári og iðkendur eldri en 12 ára í A-deild eiga möguleika á að komast á alþjóðleg mót og í landslið Íslands.

„Núna á fimmtudaginn mun Júlía Grétarsdóttir keppa á alþjóðamótinu Junior Grand Prix í Þýskalandi. Þar keppir hún í unglingaflokki á móti 31 keppenda, frá Kína, Rússlandi og Bandaríkjunum og fleiri löndum. Agnes Dís Brynjarsdóttir og Þuríður Björg Björgvinsdóttir munu svo keppa í Austurríki í fyrir hönd Íslands í nóvember, þannig að það er mikið um að vera hjá okkur um þessar mundir," segir Clair stolt af stelpunum sem hún þjálfar.

Nánari upplýsingar um skautafélagið má sjá á heimasíðu þess www.bjorninn.com.

■ vidir@365.is

**Á LEIÐ Í KEPPNI**
Júlía Grétarsdóttir(til vinstri) mun keppa á alþjóðamótinu Junior Grand Prix í Þýskalandi nú í lok vikunnar. Agnes Dís Brynjarsdóttir og Þuríður Björg Björgvinsdóttir munu svo halda til Austurríkis og keppa fyrir Íslands hönd í nóvember.

**MARKMIÐ**
„Við settum okkur langtímamarkmið og byrjuðum á að einbeita okkur að líkamsstyrk og tækni, sem hefur stórbatnað. Á næsta ári munum við svo leggja áherslu á andlega þáttinn."

iittala
Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427

NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM MEÐ MANNBRODDUNUM


OLANG
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

## ERFIÐUR MATARKÚR

**NÝTT MATARÆÐI**
**Eftir því hefur verið tekið að Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hefur lést mikið og er í mun betra formi en þegar hann gegndi forsetaembættinu. Eftir að Clinton fór í hjartaaðgerð árið 2010 breytti hann mataræðinu samkvæmt leiðbeiningum frá læknunum Dean Ornish og Caldwell Esselstyn. Matarkúrinn er gerður fyrir þá sem eru með hjartasjúkdóma og þá sem vilja fyrirbyggja að fá þá. Bókin er byggð á tuttugu ára rannsóknum Esselstyn sem sýna að mataræði hefur áhrif á hjartasjúkdóma.**



**Þetta er erfiður kúr sem byggir á heilbrigðu og óunnu fæði. Á listanum eru baunir, ávextir, brún hrísgrjón og grænmeti. Lítill fiskur og lítil olía. Ekkert kjöt, engin egg og engar mjólkurvörur. Dr. Esselstyn hefur gefið út bókina Prevent and Revert Heart Disease og vann með öðrum bókina Forks Over Knives. Bækurnar hafa vakið mikla athygli og um þennan matarkúr hefur verið fjallað meðal annars í þætti á CNN.**



# KENNIR UNGU FÓLKI JÓGA

**BETRI LÍÐAN** *Marissa Sigrún Pinal er að læra jógakennslu og býður ungu fólki á aldrinum 16-25 ára í ókeypis þjálfun í Hinu húsinu.*

Marissa Sigrún hefur æft jóga í nokkur ár þótt hún sé aðeins 23 ára. Þar á undan æfði hún dans, djassballett og líkamsrækt. „Ég hef verið að læra kundalini-jóga hjá Guðrúnu Darshan sem rekur Andartak-kundalini jógastöð. Ég byrjaði í mars en ég hafði stundað kundalini og fleiri tegundir af jóga í nokkur ár. Mér finnst kennaranámið afar spennandi því þá öðlast maður mun meiri þekkingu á þessu formi líkamsræktar. Ég fékk þá flugu í höfuðið í sumar að kenna yngra fólki þar sem stærstur hluti jógaiðkenda er miðaldra konur,“ segir Marissa Sigrún.

„Jóga hefur gert mér gott og mér fannst þörfin vera til staðar að fá ungt fólk til að stunda það. Mér datt því í hug að leita til Hins hússins, þar sem mér var vel tekið. Ég setti upp plakót í flestum framhaldsskólum en auk þess var sagt frá þessu á Facebook-síðu Hins hússins,“ segir Marissa Sigrún, sem kennir tvisvar í viku, á fimmtudögum og laugardögum, í október og nóvember. Tveir tímar eru búnir en Marissa segir ekkert mál að koma í tíma hvenær sem er.

„Ungt fólk hefur mjög gott af kundalini-jóga. Það eykur einbeitingu, er nærandi og styrkjandi og dregur úr þunglyndi og kvíða. Auk þess sefur fólk betur sem stundar kundalini-jóga. Maður er ekki bara að hreyfa líkamann heldur er einnig hugleiðsla og öndunaræfingar sem gefur manni ró og losar um streitu. Gott fyrir þá sem eru í krefjandi námi,“ segir Marissa enn fremur.

Faðir Marissu er frá Mexíkó en móðir hennar er íslensk. Hún flutti hingað til lands þrettán ára og talaði þá ekki íslensku. „Mér fannst mjög skemmtilegt að flytja til Íslands því mér fannst menningin á Íslandi henta mér betur,“ segir Marissa, sem saknar helst sólarinnar í Mexíkó, en hún er alin upp á ferðamannastaðnum Cabo San Lucas.

„Ég ætla að halda áfram að læra jóga og langar til að vera með annað námskeið í Hinu húsinu í vor. Mig langar að læra nokkrar tegundir jóga,“ segir hún og bætir við að það sé gott að læra fagið á Íslandi. **elin@365.is**

**GERIR OKKUR GOTT** Marissa hvetur ungt fólk til að koma í jóga í Hinu húsinu. Það sé ákaflega nærandi og styrkjandi. MYND/PJETUR

### ÞÖRF TIL STAÐAR

Jóga hefur gert mér gott og mér fannst þörfin vera til staðar að fá ungt fólk til að stunda það.

Yogastöðin Heilsubót
Síðumúla 15, sími: 588-5711
www.yogastodin.is

Kæru barnshafandi konur
Yogaleikfimi fyrir ykkur!
Bjóðum við sérstakar æfingar sem þið getið stundað alla meðgönguna.
Að þið myndið huglæga og andlega tengingu við fóstrið.
Að þið lærið sérstaka fæðingaröndun og að þið upplifið slökun.
Að þið njótið meðgöngunnar á sérstakan hátt!

Dáleiðslunemar bjóða meðferð

**Nemar á dáleiðslunámskeið hjá breska dáleiðslukennaranum John Sellars bjóða ókeypis meðferð í æfingaskyni**

Dáleiðslunámskeið stendur nú yfir í Reykjavík, Akureyri, Dalvík og Hveragerði, en það er sjötta námskeið sinar tegundar hér á landi á einu ári. Kennari er dáleiðarinn og dáleiðslukennarinn John Sellars frá Bretlandi, en hann hefur þrjátíu ára reynslu af dáleiðslu og hefur meðal annars þróað sérstaka dáleiðslumeðferð gegn þunglyndi. Sellars til aðstoðar er Alexis Main. Fyrri hluta námskeiðsins er að ljúka og þurfa nemendur að fá til sín fólk í dáleiðslumeðferð til æfingar fram að seinni hluta námskeiðsins, sem hefst í byrjun nóvember. Nemendurnir eru þegar þjálfaðir í að veita slökun, fjarlægja kvíða, aðstoða við endurupplifun minninga, auka sjálfstraust, bæta sjálfsímynd og ýmislegt fleira. Eftir seinni hluta námskeiðsins er þess vænst að þeir geti aðstoðað fólk við að hætta að reykja og við að léttast, svo dæmi séu nefnd. Nemendurnir óska nú eftir sjálfboðaliðum til að prófa dáleiðslumeðferð án endurgjalds. Áhugasömum er bent á heimasíðuna dáleiðsla.is þar sem hægt er að komast í samband við nemana og fá tíma.


**John Sellars segir mikla viðhorfsbreytingu orðna á Íslandi og fólki þyki nú sjálfsagt að nýta þessa meðferð.**


ÁTT ÞÚ ERFITT MEÐ AÐ FINNA ÞÉR BUXUR SEM PASSA VEL ?
Erum með frábært úrval af klæðilegum buxum í stærðum 34-46
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook

## VILJA LEIÐRÉTTA KYN

**TRANS**
**Meira en þrjátíu Íslendingar hafa farið í kynleiðréttingaraðgerð hér á landi. Norska ríkisútvarpið greindi frá því í gær að fjörutíu börn og unglingar undir sextán ára aldri væru í rannsókn vegna kynleiðréttingar þar í landi. Það yngsta er aðeins fimm ára. Þau yngstu fá ekki meðferð, enda er hún ekki hafin fyrr en átján ára aldri er náð.**

**Þeir sem leita til ríkissjúkrahússins vegna þessa telja sig vera í röngum líkama. Fyrir aðgerðina er farið í langan undirbúningstíma með geðlækni. Einstaka börn fá kynþroskaheftandi lyf. Um tuttugu aðgerðir eru gerðar árlega og meðalaldur er 23 ár.**



BORVÉLAR
&BYGGINGARIÐNAÐUR

**Kynningarblað** iðnaðarmannavélar, heimilisborvélar, byggingarsaga Íslands og góð ráð.

# Mikið úrval gæðamerkja á góðu verði

**Húsasmiðjan býður upp á mikið úrval borvéla, bæði rafmagns- og rafhlöðuborvélar fyrir heimili og iðnaðarmenn. „Hér ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi og nánast í hverjum mánuði erum við með tilboð á einhverjum vélum,“ segir Jón Örn Bragason, vörustjóri Húsasmiðjunnar.**

Jón hefur starfað hjá Húsasmiðjunni í 36 ár. „Fyrstu árin starfaði ég sem smiður, en Snorri Halldórsson, stofnandi Húsasmiðjunnar, var meistari minn. Síðustu ár hef ég starfað sem vörustjóri.“

## Eitthvað fyrir alla

Úrvalið af borvélum hjá Húsasmiðjunni er mikið og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. „Við erum með höggborvélar á verðbilinu 2.795 til 119.995 og rafhlöðuborvélar frá 3.800 til 89.995, allar með tveimur rafhlöðum. Almennt má segja að því dýrari sem vélin er, þeim mun betri sé hún. Iðnaðarmanni er mikilvægt að hafa góða vél, sem hann getur treyst, hentuga fyrir verkefnið hverju sinni.“

## Gæðamerki

Húsasmiðjan hefur undanfarin 22 ár selt Hitachi-rafmagnsverkfæri frá Japan, sem notið hafa mikilla vinsælda meðal iðnaðarmanna. „Fyrir nokkrum árum hófum við sölu á verkfærum frá Worx. Sá framleiðandi framleiddi í fjölda ára vörur fyrir mörg þekktustu merkin áður en hann ákvað að kom með verkfæri undir eigin nafni. Worx-verkfærin hafa fengið góðar viðtökur og líklega er fjölnotavélin frá Worx ein sú mest selda sinnar gerðar hér á landi undanfarin 2-3 ár.“

Nýlega var úrvalið í DeWALT-vélum aukið og verða þær sýnilegri á næstunni í verslunum Húsasmiðjunnar um allt land.

„Fyrir heimilin bjóðum við tæki frá Black & Decker sem eru vel þekkt enda mörg heimili sem luma á eldgömlum Black & Decker-vélum sem enn eru í notkun. Jafnframt bjóðum við gott úrval véla frá Power Plus, mjög ódýrar vélar fyrir heimili, okkar lægsta lága verð.“

## Varahlutir, viðgerðir og þjónusta

Sölumenn Húsasmiðjunnar hafa flestir mikla starfsreynslu og bjóða upp á ráðgjöf og hjálp við að velja réttu borvélina. „Þarftu iðnaðarvél eða vandaða heimilisvél, með eða án höggs, vél sem þú notar mikið eða lítið? Á að bora í stein, málm, tré, gifs eða nota aðallega sem skrúfvél? Starfsmenn hjálpa viðskiptavinum við að finna réttu vélina eftir þörfum hvers og eins. Húsasmiðjan rekur sitt eigið verkstæði í Skútuvogi 12. Þar eru jafnframt flestir varahlutir til á lager. Allar vélarnar okkar eru með þriggja ára ábyrgð.“

## Rafmagnsborvélar

Algengustu höggborvélar fyrir heimilin eru 500-600 watta snúruvélar; því fleiri sem wöttin eru, þeim mun aflmeiri er vélin.

„Iðnaðarmenn nota höggborvélar SDS-Plus, með loftknúnum slögum, sem eru mun hraðvirkari en venjulegar höggvélar. Undanfarin ár hefur það aukist að steypt hús séu einangruð að utan sem þýðir að veggur að innan er mun harðari en í húsum sem einangruð eru að innan, fyrir slíka veggi mæli ég með SDS-Plus-vélum, ég tala nú ekki um ef bora á mörg göt, munurinn er gríðarlegur. Sumar SDS-Plus vélarnar eru með stillingu fyrir meitlun, en fyrir stærri brot þá erum við með bor- og brotvélar fyrir SDS og Max, bora og meitla.“

## Rafhlöðuborvélar.

„Við erum með gott úrval af rafhlöðuborvélum, þó einna mest frá Hitachi enda er reynslan af þeim góð og eftirspurn mikil. Stærðirnar eru til dæmis 10,8 volt , 14,4 volt og 18 volt. Svo bjóðum við upp á 18-36 volta SDS-borvélar. Iðnaðarmenn taka helst 18 volta vélar, en ein sú vinsælasta undanfarin ár er Hitachi DS10DFL 10,8 volta öflug en létt vél á frábæru verði,“ upplýsir Jón Örn.

Nýlega kynnti Húsasmiðjan nýja kynslóð af rafhlöðuvélum frá Hitachi með 4,0Ah rafhlöðu, en áður voru þær mest 3,0Ah. Viðtökur iðnaðarmanna við þeim hafa verið mjög góðar. „Vélarnar eru með led-ljósi og búnaði sem sýnir hversu mikil hleðsla er eftir á rafhlöðunni. Nýju vélarnar eru öflugri en þær eldri og hægt að vinna lengur án þess að hlaða. Þess má geta að Hitachi býður líka allar rafhlöðuvélar án rafhlöðu og hleðslutækis. Tilvalið fyrir þá sem eiga borvél fyrir en langar til dæmis í stingsög sem notar sömu rafhlöður.“

## Rafhlöður

Í dag eru flestar rafhlöðuborvélar með Lithium-ion rafhlöðum sem eru mun endingarbetri en þær gömlu og ekki með neitt minni. Ódýrari rafhlöðuborvélar eru flestar með Ni-Cd rafhlöðum, sem þýðir að ávallt skal tæma og fullhlaða rafhlöðuna, annars myndast svokallað „minni“ í henni. Það myndast smátt og smátt og hver hleðsla fer að duga skemur. Eins er hleðslutími á slíkum vélum lengri, oft 3-5 tímar en aðeins 40-60 mínútur í dýrari vélum.

## Sérpöntun

Hægt er að sérpanta vörur sem ekki eru til hjá Húsasmiðjunni og tekur það allt að þrjár vikur. „Þó úrvalið sé mikið þá er ómögulegt að vera með allar gerðir frá okkar framleiðendum. Eins er úrval mismikið á milli verslana, enda misstórar, en minni verslanir til dæmis á landsbyggðinni geta alltaf sérpantað frá stærri verslunum með skömmum afhendingartíma.“

## Tilboð og klúbbar

„Við erum með tilboð á einhverjum vélum í nánast hverjum mánuði og meðlimir í Kjaraklúbbnum okkar fá 5% aflslátt af öllum vélum fyrir utan vörur merktar „lægsta lága verðið“. Einnig erum við með Fagmannaklúbb sem við sendum reglulega tilboð á ýmsum vörum.“




Þarftu iðnaðarvél eða heimilisvél? Með eða án höggs? Vél sem þú notar mikið eða lítið? Þetta eru spurningar sem starfsmenn Húsasmiðjunnar hafa svörin við. Þeir hjálpa viðskiptavinum að finna réttu vélina eftir þörfum hvers og eins. MYND/VILHELM




Nýlega kom á markað ný kynslóð af Rafhlöðuvélum frá Hitachi með 4,0Ah rafhlöðu.




Húsasmiðjan hefur undanfarin 22 ár selt Hitachi-rafmagnsverkfæri frá Japan, sem notið hafa mikilla vinsælda meðal iðnaðarmanna.

## STÆRSTA HEIMILI VERALDAR



**Ríkasti maður** Indlands og einn ríkasti maður heims, Mukesh Ambani, býr ásamt fjölskyldu sinni í stærsta íbúðarhúsi veraldar. Húsið, sem nefnist The Antilia House, er engin smásmíði, heilar 27 hæðir og er rúmlega 173 metra hátt, sem er rúmlega tvær Hallgrímskirkjur á hæðina. Húsið líkist helst hefðbundnum skýjakljúfi þar sem það stendur innan um fimm til tíu hæða fjölbýlis- og skrifstofuhús í suðurhluta Mumbaí í Indlandi. Mun hærra er til lofts á hverri hæð en tíðkast í öðrum húsum á Indlandi, sem skýrir þessa miklu hæð. Ef Ambani hefði notast við hefðbundna lofthæð hefði húsið orðið sextíu hæða.

**Í húsinu** er meðal annars heilsuklúbbur með líkamsræktarstöð og danssalur, sundlaug, ótal gestaherbergi og fimmtíu sæta bíósalur.

**Húsið er** metið á um 122 milljarða íslenskra króna og tók þrjú ár í byggingu. Í bílageymslunni komast 160 bílar fyrir og þrír þyrlupallar skreyta þakið.

**Fjölskylda Ambani** er ekki stór; ein eiginkona og þrjú börn, þannig að nóg er plássið, en 600 starfsmenn aðstoða fjölskylduna við heimilishaldið.


Asaki VERKFÆRI

***** 5 stjörnu verkfæri MÚRBÚÐARVERÐ




ATH: Tvær rafhlöður, taska og hraðvirkt hleðslutæki fylgir hverri hleðsluvél!

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

Klettháls Reykjav.
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is




Í Reykjavík voru byggð lítil íbúðarhús úr hlöðnum steini á síðari hluta 19. aldar. Húsin voru stundum með timburgöflum og kölluð steinbæir. Slík hús má sjá á Árbæjarsafni. MYND/HEIÐA HELGADÓTTIR



Viðeyjarstofa er elsta hús Reykjavíkur og jafnframt elsta steinhús Íslands, byggð á árunum 1753-1755. Á síðari hluta 18. aldar var farið að reisa hús úr höggnum og límdum steini á Íslandi. Aðrar byggingar með því lagi eru Bessastaðastofa og Nesstofa á Seltjarnarnesi. MYND/VILHELM



Í dag er steinsteypa eitt helsta byggingarefni Íslendinga. MYND/VILHELM



Íslendingar byggðu híbýli sín úr torfi, grjóti og timbri frá 9. til 19. aldar. Gamli bærinn á Keldum er elsta uppistandandi hús á Ísland. Talið er að bærinn sé að stofni til frá elleftu öld. MYND/FREYJA HLÍÐKVIST ÓMARSDÓTTIR

# Híbýli úr grjóti

**Byggingasaga Íslands var nokkuð einsleit fram á okkar daga. Byggt var úr torfi og grjóti allt fram á 19. öld þegar steinsteypan ruddi sér til rúms á Íslandi.**

Íslendingar byggðu híbýli sín úr torfi og grjóti allt frá 9. öld til 19. aldar. Búið var í torfbæjum allt fram á tuttugustu öld. Síðasti torfbærinn í Reykjavík, Litla-Brekka í Grímsstaðaholtinu, var rifinn árið 1980 en búið var í bænum fram á það ár.

Á miðöldum voru kirkjur bæði á Hólum og í Skálholti byggðar úr timbri.

Eftir 1600 voru reist verslunarhús úr timbri víða um land og einnig íbúðarhús kaupmanna.

Á síðari hluta 18. aldar var farið að reisa hús úr höggnum og límdum steini. Má sem dæmi nefna Viðeyjarstofu, sem er elsta steinhús á landinu, byggð á árunum 1753-55, Bessastaðastofu og Nesstofu á Seltjarnarnesi.

Þéttbýli fer að myndast á Íslandi rétt fyrir aldamótin 1800 og fleiri timburhús rísa.

Á síðari hluta 19. aldar kom kippur í byggingu húsa úr timbri og steini. Í Reykjavík voru byggð lítil íbúðarhús úr hlöðnum steini, stundum með timburgöflum, sem kölluð voru steinbæir.

Íslendingar uppgötva steinsteypu á síðari hluta 19. aldar. Fyrst voru steyptir steinar til að hlaða hús en árið 1895 eru veggir steyptir í heilu lagi í fyrsta sinn í steypumótum, á bænum Sveinatungu í Norðurárdal.

Steinsteypan bylti húsakosti þjóðarinnar og á tuttugustu öld eru flest hús steinsteypt auk stærri mannvirkja eins og brúa.

HEIMILD: WIKIPEDIA.ORG OG VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS.


Aksturshurðir – TOORS DOOR SYSTEMS



Sölu og þjónustuaðilar: Börkur hf Akureyri og Hurðaþjónusta Suðurnesja

REK
BYGGINGAVÖRUR
BYGGINGALAUSNIR
Suðurlandsbraut 24, 2h. | S. 533 4010 | rek@rek.is




### BORAÐ MEÐ GÁT

- **Verið** meðvituð um umhverfi ykkar og nálægar manneskjur þegar nota skal borvél.
- **Verið** viss um hvar On/Off-takkinn er á borvélinni.
- **Notið** öryggisgleraugu og klæðist ekki lausum fatnaði sem getur flækst í snælduna.
- **Notið** ryksugu til að fjarlægja rusl og ryk á vinnusvæðinu.
- **Notið** teygju í sítt hár til að forða því frá því að flækjast í snældunni.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432, Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, sími 512-5411. **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




„Hljóðvist er sérstaklega mikilvæg hjá börnum sem eru að læra að tala og lesa þar sem áríðandi er að orð berist rétt til hlustenda," segir Gígja Gunnlaugsdóttir, verkfræðingur hjá EFLU. MYND/VILHELM

# Mikilvægi góðrar hljóðvistar

Vitundarvakning hefur orðið hér á landi um mikilvægi hljóðvistar. Sérstakt svið innan verkfræðistofunnar EFLU veitir ráðgjöf um hljóðvist til fyrirtækja, stofnana og heimila. Vinnustaðir, skólar og íbúðarhúsnæði eru dæmi um staði þar sem mikilvægt er að hafa hljóðvist í lagi.

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu í tugum þjónustuflokka. Fyrirtækið býr yfir víðtækri og traustri fagþekkingu og hefur á að skipa um 220 starfsmönnum sem starfa bæði í innlendum og erlendum verkefnum. Hljóðvistarsvið EFLU kemur að margvíslegri hönnun er varðar hljóðvist og hávaða, sinnir almennri ráðgjöf, mælingum sem og endurbótum.

Hljóðvist hefur mikil áhrif á heilsufar, afköst, líðan og almenn samskipti fólks. Mikil vitundarvakning hefur orðið á Íslandi og í nágrannalöndum um mikilvægi hljóðvistar á undanförnum árum og áratugum. Meiri kröfur eru gerðar til hljóðvistar nú en áður. Gígja Gunnlaugsdóttir, verkfræðingur á hljóðvistarsviði verkfræðistofunnar EFLU, segir hljóðvist sérstaklega mikilvæga kringum börn og unglinga og í umhverfi heyrnaskertra. „Hljóðvist er sérstaklega mikilvæg hjá börnum sem eru að læra að tala og lesa þar sem áríðandi er að orð berist rétt til hlustenda. Vart þarf að taka fram að mikilvægi góðrar hljóðvistar eykst í umhverfi heyrnarskertra þar sem gerð er krafa um góð hlustunarskilyrði." Nýr gæðaflokkunarstaðall um hljóðvist var gefinn út hérlendis fyrir rúmu ári en þar eru gerðar ítarlegri kröfur til hljóðvistar en áður þekktist. Á þessu ári tók gildi ný byggingarreglugerð sem vísar alfarið í þann staðal þegar kemur að hljóðvist.

## Opin rými

Gígja segir að í nútímasamfélagi hafi stórum, opnum rýmum fjölgað. „Opin rými eiga ekki bara við um vinnustaði. Margar nýjar íbúðir hafa fleiri opin rými en eldri íbúðir auk þess sem þau eru algeng í skólum, skrifstofum og opinberum byggingum svo eitthvað sé nefnt. Stór opin rými með mörgum hörðum flötum hafa gjarnan langan ómtíma og óþægilegan glymjanda sem hefur áhrif á afköst og vellíðan notanda." Hún bendir einnig á að hljóðvist nái líka til umhverfishávaða, til dæmis ef skóli eða heimili eru nálægt umferðargötum.

Hljóðvistarsvið Eflu hefur yfir að ráða mikilli þekkingu og reynslu í hljóðhönnun bygginga. Góð hljóðvist í byggingum hefur jákvæð áhrif á afkastagetu og einbeitingu notenda að sögn Gígju. „ Áreiti frá öðrum notendum eða hávaði frá tæknibúnaði kann að hafa afgerandi áhrif á einbeitingu og afköst. Þar sem samskipti eru mikilvæg getur of hljómmikið rými eða bakgrunnshávaði minnkað skilvirkni samskipta. Einnig getur of dempað rými orðið til þess að talað mál berist ekki til allra hlustenda." Vegna þessa og fleiri þátta er góð hljóðvist mikils virði.

## Öflug ráðgjöf

Gígja segir hugtakið hljóðvist vera víðtækt. „Hljóðvist er samansafn nokkurra þátta: Lofthljóðeinangrunar lárétt og lóðrétt milli rýma, högghljóðeinangrunar milli hæða, ómtíma, sem er mælikvarði á glymjanda í rýminu, hljóðstigs frá tæknibúnaði innan- og utanhúss ásamt umferðar- og samgönguhávaða. Allir þessir þættir til samans dekka hugtakið hljóðvist og í raun lýsa tal- og hlustunarskilyrðum í rýminu."



Hljóðvistarsvið EFLU hefur yfir að ráða mikilli þekkingu og reynslu í hljóðhönnun bygginga.

Hljóðráðgjöf EFLU í nýbyggingum er mjög margþætt að sögn Gígju. „Segja má að hún snúist um að bæta hlustunarskilyrði, talskilyrði, lágmarka bakgrunnshávaða, tryggja góðan hljómburð, bæta hljóðeinangrun og tryggja frágang á tæknibúnaði og lögnum þannig að hljóðvist verði sem best og stuðli að aukinni vellíðan notenda."

Hlutverk hljóðráðgjafar EFLU í nýbyggingum er til dæmis að ákvarða magn og staðsetningu hljóðísogandi og dreifandi efna. Einnig hönnun á uppbyggingu veggja og gólfa þannig að loft- og högghljóðeinangrun sé nægileg. Í samvinnu við lagna- og loftræstihönnuði er hljóðstig frá tæknibúnaði lágmarkað. Ef ómtími rýmis er of langur magnast til dæmis upp öll hljóð sem skilar sér í minni einbeitingu notenda rýmisins. Vinnustaðir, skólar, gististaðir, heilbrigðisstofnanir og íbúðarhúsnæði eru allt staðir þar sem mikilvægt er að hafa hljóðvistina í lagi.

# Allt fyrir atvinnumanninn

Hjá MHG verslun er persónuleg þjónusta í fyrirrúmi. Verslunin er leiðandi í innflutningi á vinnuvélum og varahlutum og er einnig í fararbroddi með vörur fyrir golf- og fótboltavelli, steypusagir, bora, sláttuvélar og hillukerfi. Öllum þörfum viðskiptavina er mætt með heildarlausnum og skilvirkni.

Við fáum nær alltaf spurninguna: Framleiðir Husqvarna ekki bara saumavélar? Þeir sem þekkja kjarnaborvélar Husqvarna vita hins vegar betur og kæra sig ekki um neitt annað enda standur Husqvarna fyrir gæði alla leið," segir Hilmar Stefánsson, sölu- og markaðsstjóri MHG verslunar.

MHG verslun var stofnuð árið 2000. Hún selur og þjónustar hágæðavörur til margvíslegra verka, þar á meðal steinsagir, kjarnaborvélar, sláttuvélar, keðjusagir og hillukerfi.

„Við erum lítið í minni verkfærum til heimilisnota en höfum allt fyrir atvinnumenn í iðnaði og þjónustu," útskýrir Hilmar.

„Til að byrja með vorum við með umboð fyrir kjarnaborvélar frá Dimas og steinsagir frá Partner. Árið 2006 keypti sænski framleiðandinn Husqvarna bæði merkin, setti á þau appelsínugula litinn sinn og hélt áfram sömu gæðaframleiðslunni og einkenndi Dimas- og Partner-verkfærin áður," upplýsir Hilmar.

Hann segir nýju línuna frá Husqvarna státa af DM 340-kjarnaborvélinni.

„DM 340 er kraftmikil, með þriggja hraða vatnskældu gírboxi og vegur aðeins fjórtán kíló. Hún tekur 50mm-400mm stóra kjarnabora og er sérstaklega hönnuð fyrir fljóta uppsetningu," útskýrir Hilmar.



Nýja Husqvarna DM 340-kjarnaborvélin er létt, hraðvirk og kraftmikil.
MYND/ANTON

Hjá MHG verslun fæst einnig úrval varahluta í vélar úr umboði verslunarinnar og einnig sambærilegar vélar frá öðrum framleiðendum.

„Kjörorð Husqvarna er gæði, traust og ending. Vélbúnaður Husqvarna er eingöngu seldur í sérverslunum og engin vara sett á markað án áralangra forprófana og reynslu. Husqvarna stendur enda í fremstu röð og er fyllilega sambærilegt við sams konar atvinnutæki á íslenskum markaði. Þess vegna vita íslenskir iðnaðarmenn að hvaða gæðum þeir ganga," segir Hilmar.

„Markmið okkar í MHG er að þjónusta viðskiptavininn sem best enda skiljum við þarfir atvinnumannsins."

MHG verslun er í Akralind 4 í Kópavogi. Sjá www.mhg.is.




Hilmar Stefánsson, sölu- og markaðsstjóri MHG verslunar, með appelsínugula Husqvarna-kjarnaborvél í fanginu. Hann segir Husqvarna enn framleiða saumavélar, mótorhjól, haglabyssur og margt fleira.
MYND/ANTON

# Nytsamleg á heimilinu

Borvélar má nota í ýmislegt annað en að bora í vegg. Grýlurnar spurðu í þekktu lagi fyrir löngu hvað væri svona merkilegt við það að bora í vegg.

Svörin við þeirri spurningu eru eflaust mörg og misjöfn og erfitt að segja að eitt svar sé réttara en annað. Hins vegar er ýmislegt annað sem nota má borvél heimilisins í en að bora í vegg (hvort sem það er karlmaður eða kvenmaður sem mundar vélina).

Það er til dæmis hægt að festa eða losa skrúfur á hraðvirkan máta með borvél og blanda málningu með henni. Einnig má festa disk með sandpappír á borinn og pússa þannig hluti. Svo má festa ýmislegt annað á borvélar sem er ekki jafn hefðbundið og hér á eftir eru nokkrar hugmyndir að því hvernig nota má borvélar á öðruvísi máta en flestir eru vanir.

### Vatnsmelónudrykkur með borvél

Það þarf ekki að eiga safapressu eða álíka tæki til að búa sér til vatnsmelónudrykk á heitum sumardegi. Nóg er að eiga borvél, herðatré úr vír og stóra, heila vatnsmelónu. Byrjað er á því að skera gat efst á melónuna. Herðatréð er formað eins og þeytari, fest á borvélina og því stungið inn í ávöxtinn. Svo er hafist handa við að bora. Þegar allt aldinkjötið er orðið laust inni í melónunni er hellt úr henni í sigti og kjötið síað frá. Þá er ekkert eftir annað en að skella klaka í glas, hella melónusafanum í og gæða sér á.

### Gaffall á vélina

Sumar uppskriftir krefjast þess að grípa þarf til róttækari ráða en að nota handþeytara. Ef enginn töfrasproti er á heimilinu má einfaldlega skella gaffli fremst á borvél, herða vel og nota hann til að þeyta með.

### Garðvinnan auðvelduð

Í stað þess að grafa margar litlar holur í moldina þegar planta á laukum eða blómum er mun auðveldara að setja einhvers konar snigilbor í vélina og bora holur í jörðina. Fljótlegt og þægilegt.

### Borvélin til listsköpunar

Ef listamenn heimilisins eru orðnir uppiskroppa með hugmyndir er hægt að grípa til borvélarinnar enn og aftur. Þá er til dæmis átta millimetra bolti festur í vélina og honum stungið í gegnum pappadisk. Skrúfa er svo fest á boltann til að halda disknum. Síðan er tekinn litur að eigin vali og honum haldið upp við diskinn á meðan borað er. Þannig koma út alls kyns falleg mynstur sem má nota sem grunn fyrir frekari sköpun.



Hægt er að gera falleg listaverk þar sem borvélar koma við sögu.



Með herðatré og borvél að vopni er auðvelt að ná safanum úr melónunni.



Gaffall á borvél getur komið í stað töfrasprota í eldhúsinu.





**Einingaverksmiðjan er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í framleiðslu á forsteyptum einingum.**
**Fyrirtækið hefur framleitt einingar frá árinu 1994 býr því að mikilli þekkingu og færni á þessu sviði.**

**Byggjum brýr, bæi og borgir**

FJÖLBÝLISHÚS
EINBÝLISHÚS
SUMARBÚSTAÐIR
VERSLUNARMIÐSTÖÐVAR
FYRIRTÆKI
IÐNAÐARHÚSNÆÐI
SKRIFSTOFUBYGGINGAR
SKÓLA
SJÚKRAHÚS
DAGHEIMILI OG LEIKSKÓLA
DVALARHEIMILI ALDRAÐRA
SÖFN
VEITINGASTAÐI
LEIKHÚS
ÍÞRÓTTAHÚS
LEIKVANGA OG STÚKUR
STIGA - TRÖPPUR
SÉRSMÍÐI

EININGAVERKSMIÐJAN
Breiðhöfði 10 | IS-110 Reykjavík | Sími: +354 587 7770 | www.ev.is

## Varahlutir




**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**Partalistinn.is**

Skráðu varahluti þína til sölu Ókeypis skráning-fyrir alla/alltaf

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata ,97, Accent ,01, Impreza ,99 og felicia ,99, Peugeot 306 ,99, 206 og 406 ST. Almera ,97-'99, Primera ,98, Terrano ,98, Ford 250 ,99, Megane 01. Vectra ,98, Astra ,97, Corsa ,98, Baleno ,98. Kia Rio ,02. Benz 230E ,97. Volvo 460 ,93, Ford Mondeo ár ,00. Transporter ,99, Audi A4 ,94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Viðgerðir

**AB - PÚST**

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

**AB Bremsur og viðgerðir**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 / 699 6069.

**Faglærður Píparar**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun,Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Ert þú að fara að flísaleggja? Get bætt við mig verkefnum. Uppl. í s. 848 2759.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 866 5039. Irena Kontulová.

## Spádómar

**661 3839 - Símaspá**

Tímapantanir frá kl. 16.00.

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**

Tilboð í raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta



**Capri Collection/ Green-house**

Fallegur og vandaður kvennfatnaður. Eldri vörur á mjög góðum afslætti. Opið í dag þriðjudag 13-17,miðvikudag 13-17 og laugardaga 11-14. Verið velkomin, frír bæklingur. Capri Collection Þverholt 18,105 Reykjavík. Sími 7772281.

**Blekhylki.is**

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylkis.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is ,S:566 6000




Ammoníak og Freon kælimiðlar á tilboði. Íshúsið ehf, S.566 6000, www.ishusid.is




Stjórnaðu rakastiginu í geymslum, tækjarýmum eða á heimilinu. Íshúsið ehf, S.566 6000, www.ishusid.is




Tryggðu góð loftskipti. Verð frá 29.900 kr. án barka. Íshúsið ehf, S.566 6000, www.ishusid.is

Gámar til sölu. 40ft verð 240Þ +Vsk. Ódýr heimakstur á stór-Reykjavíkursvæðinu. Upplýsingar sími 840-6100

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar. Upplýsingar í s. 577 7740**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Óska eftir að kaupa vínyl hljómplötur, CD diska og playstation leiki. Uppl. í s. 698 8629.

## Til bygginga

Til sölu flekamót fyir krana. Mótin eru 3,05m á hæð og í nokkrum lengdum upp í 12m. Mótin eru auðveld í notkun og skila góðum árangri. Auðvelt að hækka upp þegar steypt er 2 eða 3 hæða hús. Áfastir vinnupallar. Magn 100 lm í tvöföldu með ÖLLUM fylgihlutum. Verð 5m+vsk. Uppl. Sími 840-6100.

## Verslun



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**

Glæsilegar nýjar vörur frá Monoreno og Kische. Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679



Rafmagnsgítarpakki kr:39.900,- Gítar, 10w magnari, poki, ól, snúra, kennsluforrit. Gítarinn ehf. Stórhöfði 27. Sími.552 2125 www.gitarinn.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**DVERG SCHNAUZER**

Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Uppl. í s. 897 6229.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til sölu Móabarð 34 Hfj, selst á yfirtöku + 300 þús.kr útborgun. 2ja herbergja íbúð á 3ju hæð, áhv. 17,3 afborgun, 81 þús.pr.mán. Uppl. á Fasteignasölunni Heymaey í s. 481 1114

**BARRHOLT-MOSFELLSBÆR**

Rúmgóð c.a. 155fm 5herb íbúð á jarðhæð til leigu í grónu fallegu umhverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Stutt í alla þjónustu, 2 grunnskólar og 2 sundlaugar í göngufæri ásamt verslunum og heilbrigðisþjónustu. Leiguverð 175þús kr á mánuði, hiti og rafmagn innifalið. Nánari upplýsingar fást í síma: 6646991

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 70þ. Eldri en 30 ára, barnlaus. f. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

## Húsnæði óskast

Íbúð eða herb. óskast í hfj. fyrir reglusaman mann í fullri vinnu. Uppl. í s. 697 9582 eða 553 0520

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu.**

Við sund. 20 fm skrifstofuherbergi og 20 fm. geymsla. Einning 55 og 70 fm. vinnustofur á 2. hæð. leiguval.is simi 894 1022 og 553 9820.

**51,6 m2 iðnaðarbil**

Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí - Mosfellsbæ.**
**Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til starfa í afgreiðslu í verslun okkar í Mosfellsbæ.**

**Vinnutími er virka daga frá 07-13 og 13-18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 5666145, 6602155 eða á staðnum. Einnig er hægt að senda inn umsókn á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/umsókn.asp**

Starfsfólk óskast til ræstingarstarfa 2x í viku. Uppl. í síma 894 3013 eftir klukkan 16:00 eða á tilraun13@gmail.com

**Framtíðarstarf - Bifvélavirkji**

Okkur vantar vana Bifvélavirkja til starfa sem fyrst á Bílaspítalann í Hafnarfirði. Það að vera vandvirkur, reglusamur og stundvís. Umsókn sendist á bsp@bsp.is Ingvi 565-4332 eða 897 3150

Óskum eftir vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöð hjá Bílkó. Frekari uppl. gefur Guðni í S. 618 0560.

**Starfskraftur óskast**

Helst vanur. Þarf að tala íslensku. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Ung og heit íslensk kona, laghent með olíu, leitar karlmanns til ljúfra leikja. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8742.

Karlmaður, handlaginn með olíu, leitar karlmanns til ljúfra leikja. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8580.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir



## Atvinna

# Bakarí óskast

Sauðárkróksbakarí óskar eftir bakara í fullt starf.
Okkur vantar að fá góðan bakara eða nema.
Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt
og hafa áhuga og metnað.

Upplýsingar veitir Róbert Óttarsson í síma 6960700
eða með tölvupósti saudarkroksbakari@gmail.com

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti forstöðumanns Minjastofnunar Íslands

Staða forstöðumanns Minjastofnunar Íslands, sem veitt er frá 1. janúar 2013, er laust til umsóknar. Auglýsing fyrir stöðuna með lýsingum á menntunar- og hæfnikröfum hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu, á Starfatorgi og á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Umsóknarfrestur er til 26. október 2012.**

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti,*
*5. október 2012.*
*menntamálaráðuneyti.is*

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.b.

**Lagning 66 og 19 kV jarðstrengja og ljósleiðara**
**Ólafsvík — Grundarfjörður**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis– og auðlindamála og er kærufrestur til **10. nóvember 2012.**

Skipulagsstofnun






## Fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### OPIN HÚS Í DAG

### Stóragerði 32. Góð 4ra herbergja íbúð




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**

Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 99,9 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Eldhús með nýlegum hvítum innréttingum. Björt stofa með útgangi á svalir til suðurs. Hjónaherbergi með nýlegum skápum. Tvö barnaherbergi. Baðherbergi með þvottaaðstöðu. Ný rafmagnstafla er fyrir húsið og raflagnir í íbúð eru nýlegar. Húsið að utan var viðgert og málað fyrir fáum árum síðan. **Verð 27,5 millj. Verið velkomin.**

### Grenimelur 17. Efri sérhæð og ris




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**

Mjög falleg og vel skipulögð 155,8 fm. efri sérhæð og ris í nýlega endurnýjuðu þríbýlishúsi auk bílskúrsréttar að um 30 fm. bílskúr. Eignin er þó nokkuð endurnýjuð, m.a. raflagnir og tafla, gler og gluggar, hús að utan, neysluvatnslagnir o.fl. Samliggjandi stofur með útgangi á suðursvalir. Fimm herbergi. Rishæðin var byggð ofan á húsið fyrir um 20 árum síðan. Mikil lofthæð í risi. Hús að utan nýlega klætt marmarasalla.
**Verð 47,9 millj. Verið velkomin.**

### Hverfisgata 117. 3ja herbergja íbúð




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-17.30**

Vel staðsett 58,8 fermetra 3ja herbergja íbúð ofalega við Hverfisgötu. Íbúðin skiptist í hol, stofu, tvö svefnherbergi, eldhús og flísalagt baðherbergi. Nýlegt rafmagn og tafla í íbúð. Skolplagnir voru endurnýjaðar að hluta fyrir um ári síðan. **Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 15,9 millj. Verið velkomin.**






## Atvinna




# REKSTRARSTJÓRI FERÐAMÁLASTOFU

**Ferðamálastofa leitar eftir rekstrarstjóra í 100% starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfið getur verið staðsett í Reykjavík eða á Akureyri. Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.**

**Rekstrarstjóri mun heyra beint undir ferðamálastjóra en starfssvið hans er m.a.:**

- Dagleg fjárhagsleg umsýsla stofnunarinnar, greiðsla reikninga og færsla bókhalds
- Vinna að gerð ársáætlana stofnunarinnar og eftirfylgni við þær
- Umsjón með samningagerð vegna styrkveitinga stofnunarinnar
- Umsýsla vegna starfsmannahalds, í samvinnu við ferðamálastjóra
- Staðgengill ferðamálastjóra í málefnum er lúta að almennri stjórnun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða skyldum greinum er skilyrði
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af fjármálastjórnun hjá hinu opinbera
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði, kunnátta í fleiri tungumálum er kostur
- Framtakssemi, sjálfstæði í vinnubrögðum og löngun til að takast á við síbreytileg verkefni
- Samskiptahæfni

Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á www.ferdamalastofa.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28. október 2012. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast skrifstofu Ferðamálastofu í Reykjavík, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík eða á netfangið olof@ferdamalastofa.is og vera merktar starfinu.
Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða en öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Ágúst Þorsteinsson rekstrarstjóri
jonagust@ferdamalastofa.is

Geirsgata 9 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 535-5510 | Fax 535 5501

PORT hönnun

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JOHN LENNON** (1940-1980) fæddist þennan dag.

*„Það elska þig allir þegar þú ert kominn sex fet ofan í jörðina.“*

## Merkisatburðir

1943 Á Hvoli í Mýrdal finnst lifandi leðurblaka og lifir hún í tíu daga. Leðurblaka hafði aldrei áður fundist á Íslandi.

1986 Fyrsta einkarekna sjónvarpsstöðin á Íslandi, Stöð 2, tekur til starfa undir stjórn Jóns Óttars Ragnarssonar.

2007 Yoko Ono afhjúpar Friðarsúluna í Viðey á afmælisdegi Johns Lennon.



**AFMÆLISHÁTÍÐ** Erla Ragnarsdóttir og Dúkkulísurnar fagna 30 ára afmælinu á Café Rosenberg annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DÚKKULÍSUR 30 ÁRA: BLÁSA TIL AFMÆLISHÁTÍÐAR

# Þá kviknuðu neistar sem hafa blossað upp annað slagið

Hljómsveitin Dúkkulísurnar á þrjátíu ára afmæli og við erum búnar að vera að fagna því það sem af er ári, en hinn raunverulegi afmælisdagur er á morgun, því hún var stofnuð 10. október 1982,“ segir Erla Ragnarsdóttir, söngkona Dúkkulísanna, um tilefni afmælishátíðarinnar sem haldin verður á Café Rosenberg annað kvöld. „Við ætlum að fagna afmælinu með allsherjargleði, rifja upp söguna og gömul lög. Svo erum við með litla sýningu þar sem við sýnum ýmislegt frá ferlinum; kjóla, mastera, myndir, plaköt, hljóðfæri og svona eitt og annað smálegt.“

Þið hafið verið að spila villt og galið allt þetta ár, eða hvað? „Já, þetta hófst allt með Aldrei fór ég suður um páskana. Við komum saman fyrir það og æfðum eins og vitleysingar, keyrðum svo saman vestur og það var voða gaman hjá okkur. Þetta kveikti neista sem hafa verið að blossa upp annað slagið síðan og við erum búnar að vera að spila úti um allt land.“

Fyrsta lag Dúkkulísanna sem sló í gegn var Pamela í Dallas, hvað er hún orðin gömul blessunin? „Pamela kom út 1984, tveimur árum eftir að við stofnuðum hljómsveitina, en í millitíðinni höfðum við unnið Músíktilraunir 1983 og fengið plötusamning í kjölfarið.“

Er hljómsveitin enn í þeirri mynd sem hún var 1982? „Eiginlega. Reyndar erum við orðnar sjö í dag en vorum fimm í upphafi. Upphaflegi gítarleikarinn hætti veturinn 1983 en fljótlega upp úr því fengum við nýjan gítarleikara sem er með okkur enn í dag. Hljómborðsleikarinn hætti líka og við fengum nýjan, en svo kom sú fyrsta til baka og nú eru þær tvær. Að lokum slóst svo slagverksleikari í för með sveitinni.“

Er eitthvað fleira fyrirhugað áður en afmælisárið er á enda runnið? „Já, já. Við höfum verið að fá blikk frá ýmsum stöðum og það er ýmislegt í farvatninu. Við munum til dæmis spila í tengslum við Airwaves og svo erum við búnar að vinna nýtt lag sem vonandi kemur út á afmælisdaginn. Við erum ekkert hættar, langt frá því.“

fridrikab@frettabladid.is


†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR STEINDÓRSSON**
**bifreiðastjóri,**
**Völvufelli 44, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 3. október 2012. Útförin auglýst síðar.

**Erla Lísa Sigurðardóttir**
**Jónas Steindór Óskarsson – María Erla Hilmarsdóttir**
**Sigurður Óskar Óskarsson – Þórunn Edda Björgvinsdóttir**
**Hjörleifur Haukur Guðmundsson – Brynja Bergdís Þrastardóttir**
**Kolbrún Pálína Hafþórsdóttir – Páll Heiðar Magnússon**
**Sigríður Einarsdóttir – Ragnar Þórarinn Bárðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**INGIBJÖRG GUÐNÝ JÓNÍNA JÓNSDÓTTIR**
**Dvalarheimilinu Lögmannshlíð,**
**áður Helgamagrastræti 44, Akureyri,**

lést aðfaranótt föstudags 5. október. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 15. október kl. 13.30.

**Kristján Albert Jóhannesson – Hafdís Júlía Hannesdóttir**
**Stefán Jóhannesson – Ragnheiður Þórsdóttir**
**Kristín Jóhannesdóttir – Helgi Dagur Gunnarsson**
**Hanna Björg Jóhannesdóttir – Sigurgeir Árnason**
**og fjölskyldur þeirra.**

†



Elskuleg ömmusystir okkar,

**STEINGERÐUR PÁLMADÓTTIR**

er látin. Útförin fer fram í kyrrþey að hennar ósk. Þakkir fær starfsfólk Tjarnarlundar fyrir umönnun og hýlegt viðmót.

**F.h. aðstandenda,**
**Sunna Vilborg Jónsdóttir**
**Eiríkur Ingvi Jónsson**

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**EINAR PÉTURSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Dvalarheimilinu Grund, áður Árskógum 8,**

lést aðfaranótt föstudagsins 5. október. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. október kl. 11.00.

**Pétur Einarsson – Svanfríður Ingvadóttir**
**Sigríður Björg Einarsdóttir – Skúli Jónsson**
**Þórhalli Einarsson – Guðný Tómasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Elskulegur eiginmaður minn, besti vinur okkar og bróðir,

**INGI HEIÐDAL JÓNSSON**
**frá Gillastöðum, Laxárdal,**
**Vesturbergi 120, Reykjavík,**

lést í faðmi ástvina sinna laugardaginn 29. september á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 10. október kl. 13.00.

**Fjóla Stefánsdóttir, börn, barnabörn og systkini hins látna**

†

**Lokað verður vegna jarðarfarar Theodórs Steinars Marinóssonar forstjóra miðvikudaginn 10. október 2012.**

**Z-Brautir og Gluggatjöld**
**Laura Ashley**

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR ELÍASDÓTTIR**
**frá Suðureyri,**

lést á Dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 5. október sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 11. október kl. 13.00.

**Hafsteinn Sigmundsson – Sigurlaug Inga Árnadóttir**
**Guðmundur Halldór Sigmundsson – Kristjana Friðbertsdóttir**
**Ragnhildur Bender**
**og fjölskyldur þeirra.**

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BERGÞÓR SMÁRI**
**læknir,**
**Hvassaleiti 125, Reykjavík,**

lést föstudaginn 28. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Anna G. Júlíusdóttir**
**Júlíus Smári – Bryndís Kristjánsdóttir**
**Erla B. Smári – Thomas Mathiesen**
**Guðbjörg Gústafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KARL SIGURBJÖRN KRISTJÁNSSON**
**Hljóðalind 5, Kópavogi,**

lést 29. september. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 12. október kl. 15.00.

**Hreindís Einarsdóttir**
**Einar Karl Karlsson – Jana Einarsdóttir**
**Guðbjörg Erna Karlsdóttir – Pétur F. Eyland**
**Sólveig Alda Karlsdóttir – Þórður Oddsson**
**Þuríður Alma Karlsdóttir**
**Kristján Örn Karlsson – Sólrún Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Faðir okkar, tengdafaðir, fyrrverandi eiginmaður og afi,

**JÓN ÁSBJÖRNSSON**
**forstjóri,**

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 2. október. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 11. október kl. 15.00.

**Ásbjörn Jónsson – Hildigunnur Gunnarsdóttir**
**Ásdís Jónsdóttir – Árni Rúdólf Rúdolfsson**
**Birgir Jóhannes Jónsson**
**Halla Daníelsdóttir**
**Jón Gunnar, Ásbjörn Daníel og Arndís Ásbjörnsbörn**
**Rudolf Jón og Halla Marta Árnabörn**

# Heilsaðu deginum með hollustu






Havre Fras er ein af fáum morgunkornstegundum sem uppfylla hollustukröfur Skráargatsins.

Fáðu þér Havre Fras í morgunmat og þér líður betur allan daginn.

ENNEMM / SÍA / NM54115

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hæfileika, **6.** persónufornafn, **8.** ferð, **9.** gogg, **11.** gjaldmiðill, **12.** sljóvga, **14.** einkennis, **16.** tveir eins, **17.** gagn, **18.** hækkar, **20.** peninga, **21.** mælieining.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umdæmis, **3.** borðaði, **4.** sýklalyf, **5.** dýrahljóð, **7.** matarlím, **10.** fálæti, **13.** of lítið, **15.** baklaf á flík, **16.** traust, **19.** vörumerki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** ég, **8.** túr, **9.** nef, **11.** kr, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** tt, **17.** nyt, **18.** rís, **20.** fé, **21.** únsa. **LÓÐRÉTT: 1.** léns, **3.** át, **4.** fúkalyf, **5.** urr, **7.** gelatín, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** trú, **19.** ss.






# 1 + 1 + 2000 + 398

**BAKÞANKAR**
**Erlu Hlynsdóttur**



Það er undantekning að ég gefi pening þegar ég er beðin um styrk til bágstaddra eða fjársveltra félagasamtaka. Kannski er það þess vegna sem ég fékk smá hnút í magann þegar ég var komin með söfnunarbaukinn frá Rauða krossinum í hendurnar og var við það að hringja bjöllunni á fyrsta húsinu. Mér til eilítillar undrunar tóku nánast allir brosandi á móti mér. Eldri kona spurði hikandi hvort það væri í lagi að hún gæfi „bara“ þúsund krónur og ég hughreysti hana með því að sá peningur kæmi að góðum notum. Unglingsstúlka tæmdi sparibaukinn sinn og tveggja barna faðir leyfði börnunum sínum að setja pening í söfnunarbaukinn „handa börnunum sem eiga engan mat“.

**ÉG** tek fram að það er ekki af einskærri eigingirni sem ég gef sjaldnast í safnanir. Mín leið er að sinna sjálfboðastarfi. Ég játa að ég geri það líka af eigingjörnum hvötum. Á þennan hátt hitti ég fólk sem ég myndi ekki annars hitta og fæ hlutdeild í reynsluheimi þess.

**FYRSTA** skiptið mitt var hjá Mæðrastyrksnefnd við fataúthlutun. Innan um fatarekkana rakst ég á áttavillta konu. Hún var í allt of stórum, snjáðum gallabuxum, allt of þröngri peysu og síðri illa farinni kápu utan yfir. Rytjulegt hárið bar þess merki að hún hafði ekki farið í klippingu síðustu misserin. Þegar ég bauð henni aðstoð sagðist hún vera að leita að fötum handa börnunum sínum. Ég spurði hvort hún vildi ekki líka föt fyrir sjálfa sig en hún afþakkaði kurteislega. Hún vildi að fötin væru til staðar fyrir þá sem þyrftu meira á þeim að halda en hún.

**EIN** jólin sá ég um hádegismatinn á aðfangadag fyrir skjólstæðinga Samhjálpar. Það var hamborgarhryggur, nema hvað. Annar sjálfboðaliði var búinn að setja hrygginn í ofninn þegar ég mætti. Hann sagði að það ætti alveg eftir að gera sósu, og í búrinu fann ég sveppasúpu í pakka, niðursoðna sveppi og mjólk. Ég hafði aldrei búið til sósu með hamborgarhryggnum heima en vissi að mamma mín myndi afneita mér ef hún frétti að ég hefði boðið heimilislausum upp á jólasósu með hvorki rjóma né matarlit. Ég skaust því út í búð og eldaði síðan mína fyrstu aðfangadagssósu. Mér fannst hún satt að segja heldur misheppnuð. Ekki jafn góð og hjá mömmu. En matargestirnir kunnu vel að meta hana og einn hafði á orði að þetta væri besta sósa sem hann hefði smakkað.

**RÚMLEGA** 2.400 sjálfboðaliðar tóku þátt í Göngum til góðs á laugardag og söfnuðu um 25 milljónum króna. Við getum þetta alveg. Saman.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**TÓNLEIKAR** Pan Thorarensen er annar helmingur Beatmakin Troopa.

# Aftur útgáfutónleikar

Aukaútgáfutónleikar vegna nýjustu plötu Beatmakin Troopa verða haldnir á Rosenberg í kvöld, 9. október, en platan kom út í sumar.

Góðir gestir, þau Jónas Sen, Krummi og Þóranna Björnsdóttir, sem kemur fram undir nafninu Trouble, munu aðstoða meðlimi Beatmakin Troopa, þá Pan Thorarensen og Þorkel Atlason, í kvöld.

Gestum gefst kostur á að fjárfesta í plötunni á sérstöku verði og einnig verða bolir, sem gefnir eru út í takmörkuðu upplagi, til sölu. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er aðgangur ókeypis.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 9. október**

### → Tónleikar



**20.00** Nóra og Sporvagninn Girnd koma fram á tónleikum í Edrúhöllinni Efstaleiti 7. Miðaverð er 500 krónur og kaffi og kökur fylgja með.

### → Fundir

**15.00** Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, kynjafræðikennari við Borgarholtsskóla, og Svandís Anna Sigurðardóttir MA-kynjafræðingur við Grunnskólann á Ísafirði síðastliðinn vetur, fjalla um jafnréttisfræðslu á opnum fundi í tengslum við Jafnréttisdaaga 2012. Fundurinn er haldinn í stofu 301 í Árnagarði en fundarstjóri er Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor.

### → Fræðslufundir

**12.00** Stjórnmálaráðgjafarnir Bob Carpenter og Rick Ridder fjalla um kosningabaráttuna, annars vegar frá sjónarhorni repúblikana og hins vegar frá sjónarhorni demókrata, á fundi um bandarísku kosningarnar. Fundurinn er haldinn í samstarfi Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og bandaríska sendiráðsins. Fundarstjóri er Þóra Arnórsdóttir, alþjóðastjórnmálafræðingur og fyrrverandi forsetaframbjóðandi. Fundurinn fer fram á ensku og er haldinn í Norræna húsinu, allir velkomnir.

### → Fyrirlestrar



**12.05** Hannes H. Gissurarson fjallar um fátækt á Íslandi á árunum 1991-2004 á hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


VARSTU AÐ LESA FRÉTT?

Viltu vita meira?

Á vefsíðunni **spyr.is** getur almenningur kallað eftir þeim upplýsingum sem hann telur vanta í fréttir eða umræðu. **Sendu okkur þína spurningu á spyr.is.** Markmið SPYR er að koma spurningum fólks á framfæri.

**Þú hefur áhrif á spyr.is**

Við hvetjum fyrirtæki og stofnanir til að fylgjast með og standa fyrir auknu gagnsæi og góðri upplýsingamiðlun fyrir almenning.

spyr
HVAÐ VILTU VITA?






GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í **DINERS, DRIVE-INS & DIVES** Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**

„Eignastýring á að vera langtímaverkefni“

**Velkomin í Eignastýringu Landsbankans**

Eignastýring Landsbankans starfar með viðskiptavinum sínum að traustri uppbyggingu eignasafna. Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu, ábyrga ráðgjöf og upplýstar ákvarðanir. Verið velkomin í Eignastýringu.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000





**Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir**
Framkvæmdastjóri

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**menning**
menning@frettabladid.is



**SELLA PÁLS Í EYMUNDSSON** Bókin Pitching Diamond eftir Sellu Páls (Sesselju Pálsdóttur) er komin út. Sella verður í Eymundsson í Austurstræti á morgun klukkan fimm, þar sem hún les brot úr bókinni á ensku og áritar fyrir þá sem vilja.

# Líttu inn í Salnum

Þýski píanóleikarinn Thomas Hell kemur fram á hádegstónleikum í Salnum á fimmtudag. Þetta eru þriðju tónleikarnir í röðinni Líttu inn í hádeginu.

Thomas Hell flytur rómantískt 19. aldar píanóverk eftir Johannes Brahms og nokkrar etýður eftir György Ligeti á tónleikunum. Þess má geta að Hell hefur getið sér góðs orðs í Evrópu og Japan fyrir flutning sinn á verkum Ligetis.

Thomas Hell hefur hljóðritað fjölda hljómdiska, unnið til verðlauna í þýskum og alþjóðlegum píanókeppnum og hefur hann meðal annars hlotið fyrstu verðlaun í Concours international de piano d'Orléans. Hann hefur jafnframt komið fram víða í Evrópu, í Japan og í Rússlandi. Thomas Hell kennir við Staatliche Hochschule für Musik und darstellende Kunst í Stuttgart, auk þess að halda opnar kennslustundir við ýmsa tónlistarháskóla svo sem við Tónlistarakademíuna í Árósum og við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Stutt kynning á verkum tónleikanna hefst klukkan tólf á fimmtudaginn en tónleikarnir sjálfir hefjast klukkan 12.15 og eru hálftíma langir.

### LÍTTU INN Í HÁDEGINU

Líttu inn í hádeginu er hádegistónleikaröð sem hóf göngu sína í lok ágúst síðastliðinn. Röðin er undir listrænni stjórn Guðrúnar Birgisdóttur, en markmiðið er að auðga mannlífið í miðborg Kópavogs, auka á fjölbreytni í tónleikahaldi og gefa vinnandi fólki tækifæri til að njóta fagurra tóna í hádegishléinu í Salnum.



# Upplestrarkvöld á Álafossi í Mosfellsbæ

Gerður Kristný er meðal þeirra sem koma fram á menningarkvöldi á kaffihúsinu Álafossi í Kvosinni í Mosfellsbæ annað kvöld klukkan átta. Auk hennar lesa þau Guðrún Erna Högnadóttir, Júlía Margrét Einarsdóttir og Siggi Gúst úr verkum sínum en þau eru upprennandi skáld og meðlimir Blekfjelagsins, Félags framhaldsnema í ritlist við Háskóla Íslands. Dagskrá upplestrarkvöldsins hefst klukkan átta, þá lesa tveir höfundar upp, svo er flutt tónlistaratriði og þá taka hinir tveir höfundarnir við. Hallvarður Ásgeirsson sér um tónlistarflutninginn að þessu sinni.

Menningarkvöldið er haldið í samstarfi Álafoss og Blekfjelagsins. Þetta verður í annað sinn í haust sem það fer fram en stefnt er að því að halda slík kvöld annan miðvikudag hvers mánaðar fram til jóla og munu reyndir rithöfundar og nýskáld stíga á svið.



**GERÐUR KRISTNÝ** Kemur fram á menningarkvöldi í Álafosskvosinni.



# Dramatík og gleði

Dans ★★★★☆

**It is not a metaphor/Hel haldi sínu**

Íslenski dansflokkurinn

**Borgarleikhúsið**

Verkin tvö sem Íslenski dansflokkurinn frumsýndi föstudaginn 5. október voru af mjög ólíkum toga. Annað grátbroslegt og kom áhorfendum til að hlæja en hitt hádramatískt.

Kvöldið opnaði með It is not a metaphor eftir Cameron Corbett. Það var skondið en ljúfsárt verk enda undirtónninn átakanlegur, enginn vill vera skilin útundan. Cameron notar tónlist eftir John Cage sem Tinna Þorsteinsdóttir lék á „undirbúið píanó“ á sviðinu. Hún tók einnig þátt í sjálfum dansinum og dansararnir að því að virtist hjálpuðu til við stillingar á píanóinu á milli laga. Samspil þátttakendanna var samfærandi og vel upp byggt. Tjáning hvers og eins hefði þó mátt vera dýpri og sjáanlegri til að gefa togstreitunni á milli þeirra meiri vigt. Hjördís stóð sig með ágætum í hlutverk „trúðsins“ en hefði þurft skýrari hreyfingar og allt að því rauða nefið til að styðja og skerpa þær djúpu tilfinningar gleði og sorgar sem hlutverkið krafðist. Aðalheiður og Hannes dönsuðu yndislega, fallegar og flæðandi hreyfingar og Tinna skilaði sínu vel bæði í tónlistarflutningi og leik.

Hel haldi sínu fjallar um sköpun og endalok heimsins út frá gömlu norrænu trúarbrögðunum. Frásögnin er nokkuð nákvæm þó í listrænni framsetningu sé og er gefið upp í leikskrá hvaða dansari fer með hvaða hlutverk. Margar sterkar vísanir eru í verkinu sem gleðja þá sem þekkja söguna en virka stundum án tilgangs fyrir þá sem ekki þekkja. Hér hefði verið að gott að segja frá söguþræðinum í leikskránni. Hel heldur sínu er drungalegt og átakanlegt, ekki síst fyrir tilstuðlan tónlistarinnar og ljósahönnunarinnar. Lýsingin, gráleit og myrk, var mikilvægur þáttur í sviðsetningunni og var nýtt á fallegan hátt eins og ljóskeilan sem táknaði Bifröst. Hún var samt á köflum full dökk þannig að erfitt var að njóta hreyfinga dansaranna. Tónlistin var áhrifamikil og hélst í hendur við lýsinguna og leikmyndin sem kom mjög vel út. Búningarnir voru aftur á móti ekki eins vel heppnaðir og virtust sumir eins og úr öðru leikriti. Jérôme Delbey nýtir sér þekkingu og krafta dansaranna við danssköpunina. Niðurstaðan eru flæðandi og sterkar hreyfingar með mikilli gólfvinnu og hver dansari fær að njóta sýn. Það eru líka langir flottir kaflar þar sem dansararnir dansa samdans í ætt við snertispuna, ýmist í pörum eða hóp og í öllum senunum sést að að dansararnir er í fantaformi. Einn galli á uppsetningu verksins var að þeir sem sátu í ystu sætunum í salnum sáu ekki allt sem gerðist á sviðinu.

Sesselja G. Magnúsdóttir



**DRUNGALEGT** Sýningin Hel haldi sínu var átakanlegt og drungalegt verk segir gagnrýnandi Fréttablaðsins.

**Niðurstaða: It is not a metaphor** er áferðarfallegt og vel gert verk þar sem Cameron tekst að blanda saman ólíkum stílum í eina skemmtilega heild.

**Hel haldi sínu** er sterkt verk þar sem allir þættir sýningarinnar vinna vel saman.



Tónlist ★★★☆☆

**Biggi Hilmars**
All We Can Be

**Biggi Music**




## Hljómfagurt og melódískt

All We Can Be er fyrsta sólóplata Bigga Hilmars, en hann er þekktastur fyrir að hafa verið forsprakki hljómsveitarinnar Ampop. Undanfarið hefur hann gert tónlist fyrir kvikmyndir og auglýsingar í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Íslandi, en síðustu þrjú ár hefur hann líka notað til að taka upp All We Can Be.

Biggi vann nýju plötuna að stærstum hluta sjálfur, hann samdi mikinn meirihluta laga og texta, útsetti, spilaði á ýmis hljóðfæri og söng. Hann fékk svo aðstoð allmargra tónlistarmanna, íslenskra og erlendra í einstökum lögum.

Plötur Ampop einkenndust af melódískum lagasmíðum og hljómmiklum og flottum útsetningum. Biggi heldur áfram að vinna með svipaða hluti á All We Can Be en þróar þá áfram. Strengjaútsetningar eru áberandi og píanóið er ráðandi. Mörg laganna hljóma eins og beint framhald af Ampop, en önnur tekur Biggi í nýjar áttir, t.d. hið mjög svo Bítlalega Springflower. Að mestu leyti er Biggi samt á svipuðum slóðum og áður. Það er eitt tökulag á plötunni; Leonard Cohen-lagið Famous Blue Raincoat sem lokar plötunni. Skemmtileg útsetning þar á ferð. Platan hljómar ekkert sérstaklega fersk, en þetta er allt mjög vandað og vel gert og margar lagasmíðanna fínar.

Á heildina litið er All We Can Be prýðilega heppnuð plata. Aðdáendur Bigga og Ampops ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Biggi úr Ampop með ágæta sólóplötu í ætt við fyrri verk.

# Forbrydelsen 3 fær góðar viðtökur

Tæplega 1,7 milljónir Dana sátu límdar við skjáinn er fyrsti þáttur í þriðju röð Forbrydelsen var frumsýndur í Danmörku í síðustu viku. Glæpaþættirnir, með lögreglukonuna Söru Lund í fararbroddi, hafa notið gríðarlegra vinsælda og þriðju þáttaraðarinnar verið beðið með eftirvæntingu.

Danskir miðlar skiptast á að hrósa fyrsta þættinum í Forbrydelsen, Glæpnum eins og hann kallast á íslensku. Jyllands Posten gefur þáttaröðinni fimm stjörnur af sex mögulegum en gagnrýnandi Politiken sparar ekki stóru orðin þegar hann kallar þáttaröðina „fjandi góða“. Dagblaðið BT fullyrðir að fyrsti þátturinn bendi til þess að þessi röð verði sú besta af þeim öllum.

Gagnrýnandi Extra Bladet er sá eini sem ekki er jafn hrifinn, en hann gefur þáttaröðinni þrjár stjörnur af sex og segir of mikið upplýsingaflæði í fyrsta þættinum draga úr gæðunum.

Þetta er tilhlökkunarefni fyrir íslenska aðdáendur Forbrydelsen, en þættirnir vöktu mikla lukku hér á landi. Að sögn Sigrúnar Stefánsdóttur, fráfarandi dagskrárstjóra Ríkissjónvarpsins, er verið að ganga frá kaupum á þriðju þáttaröðinni og verður hún sýnd á næsta ári, eða um leið og hægt er. 2,1 milljón Dana horfði á lokaþáttinn í fyrstu þáttaröðinni af Forbrydelsen en þrátt fyrir háar áhorfstölur og góða gagnrýni segja framleiðendur þáttanna að þessi þriðja röð sé sú síðasta. - áp



**VINSÆL** Þriðja röð dönsku glæpaþáttanna Forbrydelsen hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda og áhorfenda í Danmörku.




ÖKULEIKNI Á RÚTUM OG TRUKKUM

Laugardaginn 13. október nk. verður haldin opin Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni á rútum og trukkum.

Keppnin verður haldin á svæði Ökuskóla 3 við Borgartún í Reykjavík og hefst kl. 13:00 en keppendur mæta 12:30.
Allir með gild aukin ökuréttindi tekið þátt.

Skráning og nánari upplýsingar eru á www.brautin.is og í síma 588 9070.
Brautin – bindindisfélag ökumanna

ÖKULEIKNI 2012






# sport

sport@frettabladid.is



**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON** dró sig úr íslenska landsliðshópnum í gær af persónulegum ástæðum. Ísland mætir Albaníu ytra á föstudagskvöldið en hafði þegar misst annan sóknarmann, Aron Jóhannsson, úr hópnum. Guðjón Baldvinsson var kallaður inn í hópinn í hans stað en hann spilaði með félagsliði sínu, Halmstad, í gærkvöldi.

## ÚRSLIT

### Domino‘s-deild karla

**Keflavík - Grindavík 80-95 (40-42)**
**Keflavík**: Michael Craion 19/10 fráköst, Valur Orri Valsson 17, Almar Stefán Guðbrandsson 14/7 fráköst/4 varin skot, Kevin Giltner 10, Darrel Keith Lewis 8, Snorri Hrafnkelsson 6/5 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson 6.
**Grindavík**: Aaron Broussard 23/7 fráköst, Samuel Zeglinski 22/4 fráköst/6 stoðsendingar, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 18/8 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 9/8 fráköst, Björn Steinar Brynjólfsson 8/4 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 7, Jón Axel Guðmundsson 4, Þorleifur Ólafsson 4.

**Snæfell - ÍR 96-77 (48-39)**
**Snæfell**: Jay Threatt 24/6 fráköst/8 stoðsendingar, Asim McQueen 22/14 fráköst, Jón Ólafur Jónsson 18/5 fráköst, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 14/4 fráköst, Hafþór Ingi Gunnarsson 6/5 fráköst, Stefán Karel Torfason 5, Ólafur Torfason 5/9 fráköst, Sveinn Arnar Davidsson 2.
**ÍR**: Eric James Palm 26, Nemanja Sovic 12/4 fráköst, Hreggviður Magnússon 12, Þorvaldur Hauksson 10, D‘Andre Jordan Williams 9, Hjalti Friðriksson 4/9 fráköst, Vilhjálmur Theodór Jónsson 2, Ellert Arnarson 2/5 stoðsendingar.

**Þór Þorlákshöfn - Njarðvík 82-84 (43-47)**
**Þór Þ.**: Benjamin Curtis Smith 28/6 fráköst/5 stoðsendingar/6 stolnir, Grétar Ingi Erlendsson 14/9 fráköst, Darrell Flake 13/5 fráköst, Darri Hilmarsson 11/7 fráköst, Robert Diggs 6/7 fráköst, Baldur Þór Ragnarsson 5/8 stoðsendingar, Guðmundur Jónsson 5.
**Njarðvík**: Jeron Belin 27/14 fráköst, Elvar Már Friðriksson 14, Maciej Stanislav Baginski 11, Hjörtur Hrafn Einarsson 11, Marcus Van 10/15 fráköst, Ágúst Orrason 7, Ólafur Helgi Jónsson 4.

### Norska úrvalsdeildin

**Brann - Hönefoss 3-2**
Birkir Már Sævarsson (Brann), Kristján Örn Sigurðsson og Arnór Sveinn Aðalsteinsson (báðir Hönefoss) spiluðu allan leikinn.

### Sænska B-deildin

**Varbergs BoIS FC - Halmstads BK 2-2**
Guðjón Baldvinsson og Kristinn Steindórsson léku báðir allan leikinn fyrir Halmstad.

# Góð byrjun meistaranna

**Grindavík hóf titilvörn sína í Domino‘s-deild karla með því að leggja erkifjendur sína, Keflavík, að velli í Reykjanesbæ í gær. Njarðvík vann góðan útisigur á Þór í framlengdum leik í Þorlákshöfn og Snæfell hafði betur gegn ÍR-ingum.**

**KÖRFUBOLTI** Fyrstu umferð Domino‘s-deild karla lauk í gær með þremur leikjum. Íslandsmeistarar Grindavíkur hófu tímabilið á sigri í Keflavík og þá sýndu Njarðvíkingar mikinn sigurvilja í Þorlákshöfn, þar sem þeir höfðu betur í framlengingu eftir að hafa verið ellefu stigum undir þegar fjórði leikhluti hófst. Þá vann Snæfell öruggan sigur á ÍR á heimavelli.

„Þeir voru miklu grimmari en við í seinni hálfleik. Við vorum kraftlausir og þetta var bara lélegt hjá okkur,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, eftir tapið gegn grönnum sínum í Grindavík í gær. Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en í þeim síðari voru Grindvíkingar með völdin og trúin fór fljótt hjá heimamönnum.

„Við höfum sjaldan verið eins lítið tilbúnir þegar mótið er að byrja eins og núna. Það á ýmislegt eftir að gerast hjá okkur. Við gátum ekki neitt og fundum engan takt í sókninni. Það var kannski viðbúið því ég hef ekki náð að æfa með þetta lið eins og það er núna. Við eigum að geta spilað betri vörn.“

Búist er við miklu af Grindvíkingum á tímabilinu á meðan fæstir búast við Keflavík í toppbaráttu. Því er ekki hægt að segja að um óvænt úrslit hafi verið að ræða þó að Keflvíkingar sætti sig aldrei við að tapa á heimavelli.

Sigurður segist hafa áhyggjur af því hvort liðið ætli ekki að gera hlutina eins og eigi að gera þá. „Við erum að gera allt aðra hluti en við erum að gera á æfingum. Við eigum helling inni.“

Michael Craion var að spila sinn fyrsta leik fyrir Keflavík og var stigahæstur í liðinu. Hann á eftir að komast betur inn í hlutina.

Íslandsmeistarar Grindavíkur hafa nú lagt granna sína sanngjarnt tvívegis með stuttu millibili. Keflvíkingar héldu vel í við þá í fyrri hálfleik en í þriðja leikhluta datt spennan úr leiknum.

„Við fórum að stíga út, þeir fengu of mikið af sóknarfráköstum. Þá bara kom þetta,“ sagði Sigurður Þorsteinsson, leikmaður Grindavíkur, eftir leikinn. Hann segir að Grindavíkurliðið hafi þó alls ekki sýnt sitt besta. Leikurinn minnti um margt á leikinn í Meistarakeppninni í síðustu viku. „Það er stígandi hjá okkur en við getum miklu betur.“ **- esá, egm**



**ÁTJÁN STIG** Sigurður Þorsteinsson átti góðan leik með Grindavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GUNNLAUGUR** Fær það verkefni að koma HK upp úr 2. deildinni næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjálfaraskipti hjá HK:

## Gunnlaugur í Kópavoginn

**FÓTBOLTI** Gunnlaugur Jónsson verður í dag ráðinn þjálfari 2. deildarliðs HK, en hann kemur til liðs við félagið frá KA, þar sem hann hefur starfað síðustu tvö árin. Þar áður þjálfaði hann lið Selfoss og Vals.

Gunnlaugur tekur við HK af Ragnari Gíslasyni, en undir hans stjórn hafnaði liðið í þriðja sæti 2. deildar karla og var skammt frá því að komast upp í 1. deildina. **- esá**

Þjálfaramál Stjörnunnar:

## Endar Logi í Garðabænum?

**FÓTBOLTI Logi Ólafsson hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átt í viðræðum við Stjörnuna um að taka við þjálfun liðsins. Stjörnumenn hafa verið að leita að eftirmanni Bjarna Jóhannssonar, sem hætti með liðið í haust eftir fimm ára starf.**

**Logi þjálfaði síðast á Selfossi en er nú samningslaus. Ekki náðist í hann í gær, né heldur Almar Guðmundsson, formann knattspyrnudeildar Stjörnunnar. - esá**





**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR** Verður með á móti Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sigurður Ragnar Eyjólfsson valdi sama hóp fyrir umspilsleikina við Úkraínu og mætti Noregi á dögunum:

# Margrét Lára búin að fresta aðgerðinni sinni

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins, valdi í gær hópinn sem mætir Úkraínu í tveimur umspilsleikjum síðar í þessum mánuði, en í boði er sæti í úrslitakeppni EM. Leikið verður ytra 20. október og hér heima, á Laugardalsvelli, fimmtudaginn 25. október. Sigurður Ragnar var mjög ánægður með frammistöðu liðsins á móti Noregi og valdi sömu 18 leikmenn og fóru út til Noregs í lokaleik riðlakeppninnar.

„Frammistaða liðsins var góð og við höfum yfirburði í leiknum. Þegar við fengum greiningu á leiknum frá Prozone sáum við að við vorum mun meira með boltann, áttum fleiri heppnaðar sendingar og vorum yfir á flestum tölfræðilegum sviðum, sem er nýtt fyrir okkur á móti svona sterku liði á útivelli,“ sagði Sigurður Ragnar. „Við stillum upp mjög leikreyndu liði og þetta eru leikmenn sem hafa verið mjög lengi með okkur og spilað mjög marga landsleiki. Við vitum að það er gott að hafa reynslu þegar komið er í svona verkefni,“ sagði Sigurður.

„Við höfum fengið nokkra leiki með Úkraínu senda og þetta er virkilega gott lið sem við erum að fara að mæta. Þær eru sérstaklega góðar í að halda boltanum innan liðsins og eru með vel spilandi lið,“ sagði Sigurður Ragnar.

„Það verður áhugavert að sjá þessi tvö lið mætast því þau spila mjög ólíkan fótbolta. Ég tel samt að Úkraína sé mun sterkara lið en Írland og þetta verða því erfiðir leikir,“ sagði Sigurður Ragnar, en Ísland komst inn á síðasta EM eftir að hafa slegið Írland út í tveimur umspilsleikjum.

Margrét Lára Viðarsdóttir er að spila á fullu með Kristianstad og verður með í þessum leikjum, en hún frestaði aðgerð sinni fram í næsta mánuð.

„Ástandið á Margréti Láru er betra, sem er jákvætt fyrir okkur. Hún frestaði aðgerðinni fram til 10. nóvember. Henni sjálfri finnst hún vera í betra standi, hún er að klára 90 mínútur með Kristianstad og skora mörk, sem er mjög jákvætt fyrir okkur. Hún er að koma upp aftur,“ sagði Sigurður Ragnar í gær.

- óój

## Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Þóra Björg Helgadóttir | Ldb Malmö |
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | Djurgården |
| **Varnarmenn** | |
| Katrín Jónsdóttir | Djurgården |
| Rakel Hönnudóttir | Breiðablik |
| Sif Atladóttir | Kristianstad |
| Hallbera Guðný Gísladóttir | Pitea |
| Glódís Perla Viggósdóttir | Stjarnan |
| **Miðjumenn** | |
| Edda Garðarsdóttir | KIF Örebro |
| Dóra María Lárusdóttir | Valur |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | Ldb Malmö |
| Katrín Ómarsdóttir | Kristianstad |
| Dagný Brynjarsdóttir | Valur |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir | Stjarnan |
| **Sóknarmenn** | |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | Kristianstad |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | Avaldsnes |
| Fanndís Friðriksdóttir | Breiðablik |
| Harpa Þorsteinsdóttir | Stjarnan |
| Sandra María Jessen | Þór/KA |



**DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR** Æfir með 19 ára landsliðinu til að halda sér í formi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

A-landsliðsstelpur á Íslandi:

# Fá að æfa með 19 ára liðinu

**FÓTBOLTI Átta leikmenn í landsliðshópi Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar spila í Pepsi-deildinni sem kláraðist fyrir mánuði. Sigurður Ragnar hefur fundið leið til að halda þeim í formi, en ein þeirra er reyndar að spila með háskólaliði í Bandaríkjunum.**

**„19 ára landslið kvenna er að undirbúa sig fyrir undankeppni EM og við höfum fengið að bæta við leikmönnum þar inn. Ég hef síðan verið á æfingunum með Ólafi Guðbjörnssyni, sem er með 19 ára landslið kvenna. Við höldum þeim í formi,“ sagði Sigurður Ragnar á blaðamannafundi í gær.**

- óój

Ólafur H. Kristjánsson:

# Leikgreinir Juve fyrir Danina

**FÓTBOLTI** Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks í Pepsi-deild karla, réð sig í áhugavert starf hjá danska félaginu Nordsjælland, sem er með Chelsea, Shakhtar Donetsk og Juventus í riðli í Meistaradeildinni.

Ólafur fékk það verkefni að leikgreina ítölsku meistarana í Juventus til að hjálpa þjálfara Nordsjælland fyrir komandi leiki í Meistaradeildinni.

Ólafur verður því með annan fótinn á Ítalíu næstu vikurnar þar sem hann fer á nokkra leiki með Juventus á meðan hann greinir leik liðsins fyrir Danina.

- óój




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

> **Stöð 2 Sport kl. 18.10**

**Þýski handboltinn**

***Bein útsending frá Íslendingaslag Rhein-Neckar Löwen og Flensburg í þýska handboltanum. Löwen hefur unnið alla sex fyrstu leiki sína á tímabilinu og Flensburg er einnig taplaust eftir fimm leiki, hefur unnið þrjá og gert tvö jafntefli. Guðmundur Guðmundsson er þjálfari Löwen og Alexander Petersson leikur stórt hlutverk með liðinu. Arnór Atlason leikur með Flensburg.***




# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ ENDURMENNTAST

# *Litlaus og ljót – ei meir*

Menningarsnobb mitt hefur aldrei náð þeim hæðum að ég þykist hafa gaman af ljóðum. Og þó, kannski hefur það einmitt verið hluti af menningarsnobbi mínu að þykjast ekki hafa gaman af ljóðum. Þeirri skoðun hef ég fundið farveg í ljóði, nánar tiltekið söngtexta með Fræbbblunum.

„Ljóð eru leiðinleg litljós og ljót, ég hef engan tíma fyrir svoleiðis dót. Þú getur samið þitt kjaftæði og rugl, ég hef engan tíma í svoleiðis bull.“ Eitthvað í þessa veru söng Valli í Fræbbblunum og undirritaður hefur á hraðbergi – eftir minni þó.



Ljóð eru hins vegar ekki eins litlaus og ljót og ég – og Fræbbblarnir – vildum vera láta. Það var ég rækilega minntur á á sunnudaginn, þegar annar þáttur af þremur um bandaríska ljóðskáldið Walt Whitman var á dagskrá Rásar 1.

Ljóð Whitmans eru fráleitt leiðinleg og ljót og flutningur Sigurðar Skúlasonar á þeim allt annað en litlaus, enda leitun að betri lesara hér á landi. Árni Blandon fjallar af virðingu um Whitman, ævi hans og ljóðmæli.

Gamla gufan kann þetta enn.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Lífsstarfið: Fortíð og framtíð **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Vögguvísa **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Hver var Walt Whitman? **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 Íslenski boltinn**
**16.15 Stjórnarskráin (1:4)**
**16.35 Herstöðvarlíf (15:23)**
**17.20 Teitur (22:52)**
**17.30 Sæfarar (12:52)**
**17.41 Skúli skelfir (37:52)**
**17.53 Kafað í djúpin (12:14)**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Í stríð við fitupúkann (8:8)**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 360 gráður** Íþrótta- og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik úr íþróttasögunni.
**20.45 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti. Einnig verður farið yfir feril einstakra listamanna.
**21.25 Krabbinn (6:10)** Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem berst við krabbamein en reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Brúin (8:10)**
**23.20 Sönnunargögn (3:16)**
**00.05 Kastljós**
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**11.00 Comeback Season**
**12.40 Prince and Me II**
**14.15 You Again**
**16.00 Comeback Season**
**17.40 Prince and Me II**
**19.15 You Again**
**21.00 The Golden Compass**
**22.55 A Woman in Winter**
**00.40 Feast**
**02.05 The Golden Compass**
**03.55 A Woman in Winter**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle**
**08.30 Ellen** (16:170) S
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (159:175)
**10.15 The Wonder Years** (21:24)
**10.40 How I Met Your Mother**
**11.05 Suits** (5:12)
**11.50 The Mentalist** (4:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier**
**13.25 So You Think You Can Dance**
**14.45 Sjáðu**
**15.15 iCarly** (18:45)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (17:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (12:22)
**19.45 Modern Family** (12:24)
**20.05 The Big Bang Theory** (24:24)
**20.30 Mike & Molly** (9:23) Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.
**20.50 Anger Management** (3:10)
**21.15 Bones** (13:13)
**22.00 Veep** (6:8) Vandaðir bandarískir þættir frá HBO þar sem Julia Louis-Dreyfus (Seinfeld) er hér í hlutverki þingmanns sem ratar í starf varaforseta Bandaríkjanna.
**22.30 Weeds** (11:13)
**23.00 The Daily Show: Global Edition**
**23.25 Up All Night**
**23.50 2 Broke Girls** (22:24)
**00.15 Grey's Anatomy** (1:22)
**01.00 The Big Bang Theory**
**01.20 Aliens in the Attic**
**02.45 The Moon and the Stars**
**04.25 How I Met Your Mother**
**04.50 The Big Bang Theory** (24:24)
**05.15 Mike & Molly** (9:23)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**17.40 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**18.10 Þýski handboltinn: RN Löwen - Flensburg** Bein útsending frá leik Rhein Neckar Löwen og Flensburg í þýska handboltanum.
**20.00 Domino's deildin** Allt um liðin í Domino's deild karla í körfuknattleik.
**21.00 Spænsku mörkin**
**21.30 Gunnarshólmi**
**22.00 Þýski handboltinn**
**23.25 Dominos deildin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.35 Wigan - Everton**
**16.20 Man. City - Sunderland**
**18.05 Premier League Review Show**
**19.00 Southampton - Fulham**
**20.45 Newcastle - Man. Utd**
**22.30 Football League Show 2012/13**
**23.00 Sunnudagsmessan**
**00.15 Chelsea - Norwich**

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.50 Lukku láki**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar**
**17.00 Ofurhetjusérsveitin**
**17.20 Sorry I've Got No Head**
**17.50 iCarly**

## POPP TÍVÍ

**17.05 The Simpsons**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Glee (17:22)**
**18.35 Game Tíví**
**19.00 Friends**
**19.25 The Simpsons (18:22)**
**19.50 How I Met Your Mother**
**20.15 Fly Girls**
**20.35 The Secret Circle**
**21.20 The Vampire Diaries**
**22.05 Game Tíví**
**22.30 Fly Girls**
**22.55 The Secret Circle**
**23.35 The Vampire Diaries**
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 GULL

**18.15 Doctors**
**19.00 Ellen**
**19.45 Logi í beinni**
**20.30 Að hætti Sigga Hall**
**21.05 Spaugstofan**
**21.30 Pressa**
**22.15 Sprettur**
**22.45 Ellen**
**23.30 Logi í beinni**
**00.15 Að hætti Sigga Hall**
**00.45 Spaugstofan**
**01.10 Pressa**
**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## N4

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 90210** (13.22) (e)
**16.40 Last Chance to Live** (6/6)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Rules of Engagement** (12/15)
**18.40 30 Rock** (7/22) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (21.48)
**19.30 Everybody Loves Raymond**
**19.55 Will & Grace** (5/24)
**20.20 America's Next Top Model**
**21.10 GCB** (6/10) Bandarísk þáttaröð sem gerist í Texas þar sem allt er leyfilegt.
**22.00 In Plain Sight** (3/13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hina hörkulegu Mary og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina.
**22.50 Jimmy Kimmel**
**23.35 Óupplýst** (6/7) (e) Spennandi þættir um óupplýst íslensk mál sem byggð eru á sögum Íslendinga af óútskýrðum atburðum sem hafa átt sér stað.
**00.05 CSI** (18/22) (e)
**00.50 Crash & Burn** (11/13) (e)
**01.35 In Plain Sight** (3/13) (e)
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.10 Justin Timberlake Open 2012**
**10.10 Golfing World**
**11.00 Justin Timberlake Open 2012**
**14.00 AT&T National - PGA Tour 2012**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (35/45)
**19.45 Alfred Dunhill Links Championship** (2/4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2009 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


vib

# Framtíð evrusvæðisins og helstu áskoranir

**Fylgstu með beinni útsendingu frá fundi VÍB með John Dizard, fjármálasérfræðingi og greinahöfundi hjá Financial Times.**

**Miðvikudagur 10. október kl. 12.00-13.00**



Framtíð Evrópu og evrusamstarfs er ein mikilvægasta forsenda allra áætlana og stefnu Íslendinga til næstu ára.

Á fundinum mun **John Dizard** fjalla um helstu áskoranir sem Evrópa tekst nú á við og hver sé líkleg þróun í álfunni á næstu árum.

Nánari upplýsingar í síma **440 4900** og á **vib.is**.

**Á vib.is má fylgjast með fundinum í beinni útsendingu eða horfa á upptöku af honum síðar.**

VÍB er eignastýringarþjónusta Íslandsbanka

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is | www.vib.is

ENNEMM / SÍA / NM54291

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# Allt að 80% afsláttur

ÚTSALA




## Archos A18 MP3-spilari

Nettur og þægilegur
MP3-spilari með 4GB minni.

**Útsöluverð: 2.995**
**40% AFSL.**
**Verð áður 4.995**
501623

## Yamaha TSX 112

Öflugt hljómflutningstæki frá
Yamaha með CD / iPod-tengi
FM-útvarpi / USB

**Útsöluverð: 39.995**
**33% AFSL.**
**Verð áður 59.995**



TSX112WH

ÚTSALA

## LG 42" LCD Full HD-sjónvarp

Glæsileg hönnun
með USB-tengi fyrir afspilun
á myndskeiðum.

**Útsöluverð: 139.995**
**17% AFSL.**
**Verð áður 169.995**



42CS460

## Philips CD180 þráðlaus sími

Einfaldur og þægilegur
þráðlaus heimasími
frá Philips.



**Útsöluverð: 4.995**
**37% AFSL.**
**Verð áður 7.995**
10024542

ÚTSALA



## Motorola Xoom II 16GB WiFi

Öflug 10" spjaldtölva frá
Motorola. Keyrir á Android 4.0.

**Útsöluverð: 69.995**
**30% AFSL.**
**Verð áður 99.995**
10036877

## BH-110 Nokia Black Bluetooth headset

Þægilegt Bluetooth-heyrnartól
frá Nokia



02730J0

**Útsöluverð: 3.995**
**33% AFSL.**
**Verð áður 5.995**

PIPAR\TBWA • SÍA • 122877

ÚTSALA

## Motorola Razr Black

4,3" 1,2 GHz Dual-Core-örgjörvi.
Uppfæranlegur í Android 4.0.



**Útsöluverð: 59.995**
**25% AFSL.**
**Verð áður 79.995**
10032132

## Samsung 43" Plasma HD Ready

Glæsilegt 43" HD Ready
plasma-sjónvarp
með 2 x HDMI og USB-tengi.

**Útsöluverð: 119.995**
**33% AFSL.**
**Verð áður 179.995**



PS43E450A1WXXN

**Mikið úrval af tölvutöskum og tölvuaukahlutum**
10% afsláttur er af öllum nýjum farsímum sem ekki eru á útsölu.
20% afsláttur er af öllum nýjum farsímaaukahlutum sem ekki eru á útsölu.



Full búð af frábærum tilboðum

Hátækni

## BÓKIN



*„Það er bókin 1Q84 eftir Haruki Murakami. Þrjár bækur í einni og því alger hlunkur. Ég er rétt búin að lesa fyrstu bókina.“*

Lay Low, tónlistarkona

# Útbúa fimm umslög fyrir Skúla

Myndlistarkonan Ingibjörg Birgisdóttir og Orri Jónsson ætla að hanna umslög fyrir fimm plötur bassaleikarans Skúla Sverrissonar. Þau hafa þegar lokið við eitt, sem er við nýja plötu Skúla og saxófónleikarans Óskars Guðjónssonar, The Box Tree. Það er ansi óvenjulegt því hægt er að opna það þannig að það lítur út eins og landakort.

„Þessi tónlist er svo opin og leiðir mann svo margt þegar maður hlustar þannig að okkur langaði að hafa umslagið þannig. Maður opnar þetta landakort og veit ekki hvað það er að sýna og hvert það getur leitt þig,“ segir Ingibjörg um umslagið, sem var silkiþrykkt.

Ingibjörg og Orri störfuðu saman við gerð heimildarmyndarinnar Amma Lo-Fi. Eftir að Orri stjórnaði upptökum á plötu Skúla og Óskars var hann beðinn um að hanna umslagið líka og ákvað að fá Ingibjörgu með sér í verkið. Skúli var svo ánægður með útkomuna að þau munu hanna umslögin fyrir næstu fjórar plötur hans sem eru þegar tilbúnar og munu koma út með frekar stuttu millibili. „Við ætlum að reyna að halda einhverjum smá þræði,“ segir hún, spurð út í umslögin fimm. „Okkur langar að halda áfram á þessari braut og gera eitthvað óvenjulegt.“

Ingibjörg hefur hannað umslög frá árinu 2003. Meðal síðustu verka hennar er umslagið við nýjustu plötu Sigur Rósar, Valtara, og sólóplötu Jónsa, en þau eru systkini. Einnig hefur hún hannað fyrir Sin Fang og Sóleyju, auk þess sem hún leikstýrði tveimur myndböndum fyrir Sigur Rós við lögin Varúð og Ég anda. Jafnframt gerði hún myndband við lag Sóleyjar, Smashed Birds, sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrr á árinu. - fb



**HANNAR FYRIR SKÚLA** Ingibjörg Birgisdóttir hannar umslög við fimm plötur Skúla Sverrissonar í samstarfi við Orra Jónsson.





Nýr bæklingur fylgir með Fréttablaðinu í dag

TIGER

Villidýr á verði · www.tiger.is

Kringlan / Laugavegur / Smáralind / Akureyri

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir - oft á dag

MIKIÐ ÚRVAL

... af notuðum fötum ...

Fatabúð Hjálpræðishersins
Garðastræti 6, Reykjavík.

Nytjamarkaður
á Eyjarslóð 7 út á Granda.

Opið alla virka daga
kl. 13.00 – 18.00.



Ársfundur Úrvinnslusjóðs

*Ársfundur Úrvinnslusjóðs verður haldinn á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, Víkingasal 4, Nauthólsvegi 52, fimmtudaginn 11. október kl 13:30*

Dagskrá

- Formaður stjórnar setur fundinn
- Ávarp umhverfisráðherra
- Ávarp formanns stjórnar Úrvinnslusjóðs
- Ársreikningur 2011 kynntur
- Starfsemi Úrvinnslusjóðs
- Umræður

Fundargögn munu liggja frammi á fundarstað

*Stjórn Úrvinnslusjóðs*

ÚRVINNSLUSJÓÐUR www.urvinnslusjodur.is




**ÁNÆGÐIR MEÐ LAND OG ÞJÓÐ** Tökustaðastjórarnir Ilt Jones og Dow Griffith, hér með blaðamanninn Nick Gaundry frá The Location Guide á milli sín, dásömuðu land og þjóð er þeir leituðu að tökustöðum fyrir nýja stórmynd.

### ÁRNI BJÖRN HELGASON: LEITUÐU AÐ TÖKUSTÖÐUM FYRIR STÓRMYND

# HRIFNASTIR AF JÖKLUNUM

„Ég held að við höfum heimsótt alla staði á Íslandi fyrir utan Raufarhöfn,“ segir Árni Björn Helgason hjá Saga Film. Hann sá um að lóðsa tvo frægustu tökustaðastjóra í Hollywood um Ísland í lok september.

Tökustaðastjórarnir Ilt Jones og Dow Griffith komu hingað ásamt blaðamanni vefsíðunnar The Location Guide. Jones og Griffith flakka heimshorna á milli í leit að tökustöðum fyrir stærstu kvikmyndaframleiðendur vestanhafs. Þeir eru með myndir eins og The Dark Knight Rises og The Bourne Legacy á ferilskránni. „Jones komst með stuttum fyrirvara vegna þess að leikarinn Robert Downey Jr. fótbrotnaði og þurfti því að gera hlé á tökum á Iron Man 3 sem hann er að vinna í núna. Það var mjög gaman að vera innan um þess reynslubolta í bransanum. Þessir tveir eru án efa virtustu mennirnir í geiranum.“

**FLOTT FERILSKRÁ**

**Dow Griffith:**
The Bourne Legacy, The Last Airbender, Tropic Thunder, The Bourne Supremacy

**Ilt Jones:**
Iron Man 3, The Dark Knight Rises, Transformer: Dark of the Moon, Transformers: Revenge of the Fallen, Inception

Ástæðan fyrir komu Griffiths og Jones var leit að tökustöðum fyrir nýja mynd. „Ég get því miður ekki sagt nafnið á henni, en get staðfest að þetta er stórmynd sem á að taka upp á næsta ári. Þeir mynduðu landið í bak og fyrir og svo krossar maður bara putta og vonar að leikstjóranum líki það sem hann sér,“ segir Árni Björn en alls dvöldu félagarnir hér á landi í níu daga.

Vefsíðan The Location Guide fjallar um ferðalagið í stórri grein. Þar er hörkuleg náttúra Íslands dásömuð ásamt gestrisni og þjónustulund Íslendinga sem kunna greinilega á þarfir kvikmyndatökuliða, að sögn síðunnar. „Það eru einna helst jöklarnir sem heilla, því það er svo sjaldgæft að ekki þurfti að fara lengra eða hærra upp til að mynda snævi þakta auðn,“ segir Árni og bætir við að Ísland sé heldur betur búið að stimpla sig inn sem verðugur vettvangur kvikmyndaframleiðslu. „Síðustu tvö ár hafa verið rosalega góð í þessum geira og það lítur út fyrir að ekkert lát sé þar á.“

Meðal þeirra mynda sem hafa verið teknar upp hér á landi undanfarið eru Promotheus, Oblivion og The Secret Life of Walter Mitty og svo er leikstjórinn Alan Taylor á leiðinni hingað á næstu dögum með tökulið Thor 2.

alfrun@frettabladid.is

# Flugeldasýning í lokaþættinum

„Það verða ekki fleiri þáttaraðir,“ fullyrðir Steindi Jr.

Lokaþátturinn í þriðju þáttaröð Steindans okkar, og jafnframt sá síðasti í seríunni, fer í loftið á fimmtudagskvöld. „Við sáum þetta alltaf fyrir okkur sem þrjár sjónvarpsseríur. Við erum ógeðslega sáttir með þær, sérstaklega þá þriðju. Það er búið að vera rosalega gaman að taka hana upp en þetta hefur verið mjög langt ferli,“ segir Steindi. „Við höfum verið að skrifa „sketsa“ og alltaf farið beint í tökur. Við höfum gert þetta stanslaust með mjög litlum pásum í þrjú ár. Núna langar okkur að prófa að gera eitthvað nýtt.“

Hann og samstarfsmaður hans, Ágúst Bent, eru með nokkur járn í eldinum varðandi næstu verkefni. Ekki er samt tímabært að upplýsa um þau strax. Eftir að Steindanum okkar lýkur ætla þeir að undirbúa DVD-útgáfu þáttanna sem kemur út fyrir jólin, auk þess sem nóg verður að gera við uppákomur á hinum ýmsu skemmtunum.



**SVAKALEGT LOKAATRIÐI** Steindi Jr. lofar svakalegu lokaatriði í síðasta þætti Steindans okkar á Stöð 2. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

En hvernig verður lokaþáttur Steindans? „Við erum að enda þriðju seríuna og jafnframt þá seinustu þannig að við ætlum að ljúka þessu með flugeldasýningu. Það verður svakalegt lokaatriði sem við höfum verið að taka upp undanfarna þrjá daga,“ segir hann og heldur áfram: „Ég vil nýta tækifærið og þakka fyrir áhorfið í gegnum seríurnar og þakka öllum fyrir sem eru búnir að peppa okkur upp í gegnum tíðina.“ - fb


Domino's Pizza
www.dominos.is sími 58·12345
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DOMINO'S
1.000KR.
Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.
Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með Domino's appinu
Nánar á dominos.is/app
GÆÐI ALLA LEIÐ!
101 Reykjavík: Pepperoni, sveppir, rjómaostur og gráðaostur

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kuldi frá Yrsu

Nýjasta glæpasaga **Yrsu Sigurðardóttir** hefur fengið nafnið Kuldi og er hún væntanleg um miðjan nóvember. Lögmaðurinn Þóra kemur ekki við sögu í bókinni, rétt eins og í draugasögunni Ég man þig sem kom út fyrir tveimur árum. Yrsa átti söluhæstu bók síðasta árs, Brakið, og er ljóst að margir bíða spenntir eftir þessu nýjasta útspili hennar.



### Celtics-liðið stoppaði á Íslandi

Stórstjörnurnar í körfuboltaliðinu Boston Celtics undirbúa sig þessa dagana fyrir komandi átök í NBA-deildinni. Er liðið nú á ferðalagi um Evrópu og spilaði til að mynda æfingaleik í Mílanó á sunnudagskvöld. Æfingaferð liðsins hófst í Istanbúl, en þangað flaug liðið frá Boston fyrir viku. Á leiðinni til Tyrklands gerði flugvél liðsins hins vegar stuttan stans á Keflavíkurflugvelli til að fá meira eldsneyti. Heppnir flugvallarstarfsmenn komu auga á stjörnurnar og tóku meðal annars myndir af sér með **Rajon Rondo**, leikstjórnanda liðsins. Lagðist kuldinn á Íslandi að því er virðist illa í körfuboltamennina og sagði nýliðinn Jared Sullinger að Ísland væri kaldara en Boston í janúarmánuði í myndbandsdagbók liðsins á netinu.

**- fb, mþl**



## Mest lesið vísir

1. „Við höfum misst fókusinn“
2. Milljarðahagnaður bankanna á verðbólgunni
3. Hafrannsóknarskip landaði ónýtum afla
4. Ekki kjósa!
5. Styttist í afrek aldarinnar
6. Langþreytt á sóðaskap miðbæjargesta





